



HÁSKÓLI ÍSLANDS

BA-ritgerð í stjórnmálafræði

„Gaza er helvíti á jörð“

Orðræðugreining á umræðu Alþingismanna um
þingsályktunartillögu um afstöðu Íslands um átök fyrir botni
Miðjarðarhafs

Edda Sól Arthursdóttir

Leiðbeinandi: Gyða Margrét Pétursdóttir prófessor í kynjafræði
Júní 2025

STJÓRN MÁLAFRÆÐI DEILD

„Gaza er helvíti á jörð“

***Orðræðugreining á umræðu Alþingismanna um þingsályktunartillögu um
afstöðu Íslands um átök fyrir botni Miðjarðarhafs***

Edda Sól Arthursdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Leiðbeinandi: Gyða Margrét Pétursdóttir, prófessor í kynjafræði

Stjórnmálafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2025

„Gaza er helvíti á jörð“

Ritgerð þessi er 12 eininga lokaverkefni til BA-gráðu við
stjórnmálafræðideild á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

© 2025 Edda Sól Arthursdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Reykjavík, 2025

Útdráttur

Viðfangsefni þessarar ritgerðar er hvernig orðræða um átökin milli Ísraels og Palestínu birtist í umræðu og ályktun alþingismanna um afstöðu Íslands. Til þess var notast við innihaldsgreiningu og orðræðugreiningu sem var beitt á allar umræður Alþingismanna um tillögu til þingsályktunar um afstöðu Íslands vegna átaka fyrir botni Miðjarðarhafs.

Til þess að svara rannsóknarspurningunum notaðist ég við kenningar um augljósan, dulinn og óljósan áróður, ódæðisáróður og réttlætingargildruna til þess að kanna hvort hægt væri að greina áróður í orðræðunni. Ásamt því notaðist ég við kenningu Garth. S. Jowett og Victoríu O'Donnell um kúgandi orðræðu til þess að kanna hvort hægt væri að greina orðræðu sem gefur til kynna mismun á viðhorfum til Palestínumanna og Ísraelsmanna.

Það var mikil samstaða í orðræðunni og fátt um andstæð viðhorf. Ríkjandi orðræðan einkenndist af skrifræðisorðræðu og það kom fram innrömmun sem kann að ýta undir þjóðarmorðsorðræðu hjá tveimur þingmönnum, þó að það hafi ekki einkennt orðræðuna. Einn þingmaður beitti þjóðarmorðsorðræðu ásamt notkun ódæðisáróðurs og réttlætingargildru til þess að réttlæta framgang Ísraelsríkis í átökunum. Auk þess kom í ljós mikil upplýsingastjórnun í orðræðunni, mikilvægar upplýsingar um háttsemi Ísraelsríkis í átökunum voru nær alveg fjarverandi, sem má greina sem afleiðingar áróðurs og skrifræðisorðræðu.

Formáli

Þessi ritgerð er 12 eininga (ECT) lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði, unnið undir leiðsögn Gyðu Margrétar Pétursdóttur við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Ég þakka Gyðu innilega fyrir góða leiðsögn við stórt og erfitt verk og mikla þolinmæði við ritgerðaskrifin. Ég vil þakka fjöldskyldu minni, einkum föður mínum og móður, fyrir endalausan stuðning og hvatningu í gegnum skrifin. Að lokum vil ég þakka Guðrúnu Diðríksdóttur fyrir hvatningu og samveru tímum saman í Þjóðarbókhöðunni sem var mér ómetanlegur stuðningur.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Formáli	4
Töfluskra	6
1 Inngangur	7
2 Sögulegt samhengi átaka fyrir botni Miðjarðarhafs	12
3 Kenningar	15
3.1 Innrömmun	15
3.2 Tegundir áróðurs	15
3.3 Áróður sem kúgandi orðræða	16
3.3.1 Þjóðarmorðsorðræða	17
3.3.2 Skrifræðisorðræða	18
3.3.3 Réttlætingargildran	18
4 Gögn og aðferðir	20
4.1 Staðsetning rannsakanda	23
5 Kenningar	25
5.1 Niðurstöður innihaldsgreiningar	25
5.2 Niðurstöður orðræðugreiningar	26
5.2.1 Ákall til vopnahlé	26
5.2.2 Óboðleg þjáning á Gaza	28
5.2.3 Illska Hamas og réttlæting Ísraels	33
5.2.4 Stríðsglæpir og yfirvofandi þjóðarmorð	35
6 Samantekt og umræður	40
Heimildaskrá	43
Viðauki 1. Innihald flokka sem greindir voru í orðræðu	48

Töfluskrá

Tafla 1. Tíðni flokka og tíðni tiltekinna orða og orðavala í ræðum þingmanna. Taflan sýnir í hve mörgum ræðum var vísað í flokk, og hve oft var vísað í tiltekið orð eða orðalag (heiti flokks).....	25
Tafla 2. Samanburður á tíðni hugtaka um háttsemi Ísraels/Ísraelsmanna samanborið við Palestínu/Palestínubúa.....	29
Tafla 3. Samanburður á tíðni hugtaka um andlát í garð Ísraelsmanna samanborið við Palestínubúa.....	31

1 Inngangur

Fyrir sjö árum síðan hófst endurkomuganga (e. The Great March of Return) Palestínubúa þann 30. mars 2018, eftir að þau höfðu þolað 12 ára herkví (e. blockade), meira en 50 ár af hernámi og 70 ár af neyð palestínskra flóttamanna (United Nations Relief and Works Agency for Palestine Refugees [UNWRA], 2019, bls. 16). Palestínubúar gengu að aðskilnaðarveggnum (e. Gaza-Israel barrier) sem aðskilur Gaza frá Ísrael og kröfðust þess að Ísrael létti af herkvínni og að palestínskir flóttamenn hefðu rétt á endurkomu (UNWRA, 2019, bls. 6). Fólk safnaðist þar viku eftir viku þar til að mótmælunum lauk síðla árs 2019 (United Nations Office for the Coordination of Humanitarian Affairs [OCHA], 2020). Mótmælin voru almennt friðsæl og sótt af óvopnuðum borgurum, fyrir utan nokkur atvik steinkasts, dekkjabruna og skemmdarverk á ísraelskum eignum og búlandi (UNWRA 2019, bls. 6). Þrátt fyrir þessar óeirðir gátu mótmælin varla talist ógn við ísraelska ríkið, aðeins einn ísraelskur hermaður dó og einungis sjö slösuðust yfir þessa 12 mánuði, en þrátt fyrir það mættu öryggissveitir Ísraels mótmælunum með skotvopnum (OCHA, 2020). Viðbrögð Ísraelsríkis voru ekki í samræmi við hættuna, þar sem 214 Palestínubúar voru drepnir við mótmælin, þar af 46 börn og meira en 36.100 særðust, og af um 8.800 börnum sem særðust var eitt af hverjum fimm skotið (OCHA, 2020). Þetta var ekki einsdæmi, Ísraelsríki hefur ítrekað beitt óhóflegu valdi og skotvopnum gegn palestínskum borgurum við mótmæli á Gaza og Vesturbakkanum og í aðgerðum við flóttamannabúðir (UNRWA, 2019 bls. 16). Í kjölfarið ítrekaði stofnunin UNRWA ákall sitt eftir því að Ísraelsríki væri dregið til ábyrgðar fyrir brot á alþjóðlegum lögum með óhóflegri valdbeitingu og bentu á að ef alþjóðlega samfélagið dragi Ísraelsríki ekki til ábyrgðar myndi það góðkenna áframhaldandi hringrás refsileysis og setja líf Palestínubúa í hættu á öllum herteknum palestínskum svæðum (UNRWA, 2019 bls. 16).

Þetta var bara eitt atvik í margra ára sögu átaka milli Ísraelsríkis og Palestínubúa, en ég hef fylgst grannt með þróun mála frá byrjun endurkomugöngunnar til stríðsins sem hófst í kjölfar árásar Hamas á Ísrael þann 7. október 2023. Nú eru afleiðingar refsileysis gagnvart Ísraelríki, fyrir óhóflega valdbeitingu þeirra gegn Palestínubúum, að koma í ljós. Strax í fyrstu viku árása Ísraels fóru í gang viðvörunarbjöllur um yfirvofandi þjóðarmorð gegn Palestínubúum (Lemkins Institute for Genocide Prevention, 2023). Gríðarlegt mannfall hefur orðið meðal almennra borgara og Ísrael hefur framið ítrekuð brot í

átökunum, en þrátt fyrir það hefur Ísraelsríki fengið að halda sínum aðgerðum áfram án afskipta og viðbrögð hins vestræna heims við átökunum hafa verið vægast sagt dapurleg. Það sem ég tók einnig eftir, var hve vestræna umfjöllunin virtist taka undir ísraelsk sjónarmið. Það virðist sem svo að mikil skekkja sé í orðræðu opinberra fjölmiðla og stjórnvalda um þessi átök, og það einskorðast ekki bara við fáfræði heldur virðist sem áróður sé viðvarandi og sýni sig í rangupplýsingum, upplýsingastjórnun og mismunun í garð Palestínubúa.

Svo dæmi sé tekið, fór á kreik myndskleið af fréttamanni hjá Sky News á samfélagsmiðlum fyrir varhugavert orðaval sitt í janúar 2024. Fréttamaðurinn var að segja frá Ruqaya Ahmad Odeh Jahalin, palestínsku barni sem varð fyrir slysaskoti á Vesturbakkanum, en hann sagði að „fyrir slyzni rataði villukúla inn í bílinn að framan og drap þriggja eða fjögurra ára unga konu“ (Elliards & Jackson, 2024). Fréttaveitan var um leið fordæmd fyrir að afmennskuvæða barnið með því að tala um hana sem fullorðinn einstakling í stað barns, en með því var hún svipt sakleysinu sem fylgir börnum og dregið úr hryllingi ofbeldisins gegn henni (Hawari, 2023). Eins hneykslandi og það var kom það ekki á óvart, því neikvæð skekkja vestrænna fjölmiðla og valdamanna í garð Palestínubúa hafði nú þegar orðið mér ljóst. Rannsóknarblaðamenn hjá fréttaveitunni The Intercept gerðu greiningu á yfir 1.100 fréttagreinum frá The New York Times, Washington Post og Los Angeles Times milli 7. október og 24. nóvember 2023, á fyrstu sex vikum átakanna. Greining þeirra sýndi verulega skekkju í umfjöllun um Ísraelsmenn og Palestínubúa, þar sem trekk í trekk virtust miðlarnir styðja ísraelskar frásagnir yfir palestínskar, til dæmis kom í ljós að af um 1.100 fréttagreinum nefndu aðeins tvær palestínsk börn (Johnson & Ali, 2024). Til samanburðar dóu fleiri börn á Gaza í fyrstu viku sprengjuárása Ísraels heldur en dóu yfir fyrsta ár innrásar Rússlands í Úkraínu, en á meðan þessir miðlar birtu margar fréttagreinar um neyð úkraínskra barna á fyrstu sex vikum stríðsins var áberandi skortur á fréttagreinum um dauðsföll barna á Gaza (Johnson & Ali, 2024). Það kom einnig í ljós að mismunað var með orðavali, neikvæð hlaðin orð voru notuð um andlát Ísraelsmanna en sagt var frá andlátum Palestínubúa í þolmynd (Johnson & Ali, 2023). Þetta einskorðaðist ekki við þessa miðla, ójöfn umræða um dauðsföll og gildishlaðið málfar kom einnig í ljós hjá BBC (Philo & Berry, 2023) og tíu starfsmenn frá BBC og CNN komu út og ásökuðu miðlana um „pro-Israel“ skekkju, kerfisbundið ójafnvægi og tíð brot á gildum blaðamanna (Failing Gaza: Pro-Israel bias, 2024). Gögn gefa til kynna að orðræða vestrænna miðla sé

verulega skekkt gegn Palestínu, þar sem meðal annars er gefið mannsfalli Ísraelsmanna meira vægi en Palestínubúa og áróðri af hálfu Ísraels er dreift áfram á gagnrýnislausan máta.

Þar af leiðandi má velta fyrir sér hvort hið sama megi greina hérlandis. Í nóvember 2023 viðurkenndi Ísraelsher að þau hefðu gert loftárás á Jabaliya-flóttamannabúðirnar, sem herinn sagði að væru bækistöðvar Hamas (Róbert Jóhannsson, 2023). Þáverandi utanríkisráðherra Bjarni Benediktsson var spurður hvernig hann myndi lýsa árásinni á blaðamannafundi, og sagði hann að „Ef þú spyrð mig hvað mér finnst um árás á flóttamannabúðir, þá ertu að fullyrða að það hafi verið framin árás á flóttamannabúðir,“ og virtist þar með véfengja að ráðist hafi verið gegn flóttamannabúðum (Árni Sæberg, 2023). Utanríkisráðherra sagði svo að:

Þetta er spurning um hvernig maður nálgast þetta... En þú mátt ekki taka það úr því samhengi að það eru hryðjuverkamenn aktíft að berjast gegn Ísraelum núna. Vegna þessa er brugðist við og við höfum séð mörg dæmi um það að hryðjuverkamennirnir noti almenna borgara sem skildi. Þetta gerir hlutina ótrúlega flókna. (Árni Sæberg, 2023)

Utanríkisráðherra var gagnrýndur fyrir þetta svar sitt, en varði það á þeim grundvelli að orðalag blaðamannsins hafi gefið í skyn ásetning og tilgang Ísraelshers að ráðast gegn flóttamönnum, og vildi hann vekja athygli á því að skotmark aðgerðarinnar hafi verið hryðjuverkamenn samkvæmt Ísraelsher (Freyr Bjarnason, 2023). Einnig var ákvörðun Íslands að sitja hjá í atkvæðagreiðslu allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um ályktun um vopnahlé af mannúðarástæðum gagnrýnd á þessum tíma (Freyr Bjarnason, 2023). Og má þá benda á að utanríkisráðherra taldi mannúðarhlé nauðsynlegt vegna hörmunga eins og Jabaliya-flóttamannabúðanna (Árni Sæberg, 2023) en samt sat Ísland hjá vegna þess að texti ályktunarinnar tók ekki til grimmdarverka Hamas né gíslatöku þeirra (Hugrún Hannesdóttir Diego, 2023). Í kjölfarið setti utanríkismálanefnd fram þingsályktunartillögu um afstöðu Íslands vegna átaka fyrir botni Miðjarðarhafs (þskj. 514, mál 463) þann 8. nóvember. Ályktunin átti að lýsa yfir afstöðu Íslands og hér má lesa hana í heild sinni:

Alþingi ályktar að án tafar skuli komið á vopnahléi af mannúðarástæðum á Gaza-svæðinu svo tryggja megi öryggi almennra borgara, jafnt palestínkra sem ísraelskra. Alþingi fordæmir öll ofbeldisverk sem beinast gegn almennum borgurum í Palestínu og Ísrael. Alþingi krefst þess að alþjóðalögum sé fylgt í einu og öllu í þágu mannúðar, öryggis almennra borgara og verndar borgaralegra innviða.

Alþingi fordæmir hryðjuverkaárás Hamasliða á almenna borgara í Ísrael sem hófst 7. október 2023. Alþingi fordæmir sömuleiðis allar aðgerðir ísraelskra stjórnvalda í kjölfarið sem brjóta gegn alþjóðlegum mannúðarlögum, þ.m.t. óheyrilega þjáningu, manntjón, mannfall almennra borgara og eyðileggingu borgaralegra innviða. Brýnt er að öll brot stríðandi aðila á alþjóðalögum verði rannsökuð til hlítar.

Alþingi kallar eftir mannúðlegri meðferð á og tafarlausri lausn gísla, aðgengi hjálpar- og mannúðarsamtaka og að neyðarvistum og læknisaðstoð verði komið til almennings tafarlaust.

Alþingi felur ríkisstjórninni að beita sér fyrir viðbótarframlagi til mannúðaraðstoðar og rannsókna á brotum á alþjóðalögum til að fylgja eftir þeim áherslum sem fram koma í ályktun þessari. (Þingsályktunartillögu um afstöðu Íslands vegna átaka fyrir botni Miðjarðarhafs þskj. 514, mál 463)

Markmið þessarar ritgerðar er að framkvæma innihalds- og orðræðugreiningu á ræðum Alþingismanna vegna samþykktar þingsályktunartillögu um afstöðu Íslands vegna átaka fyrir botni Miðjarðarhafs og er titill ritgerðarinnar fenginn úr gögnunum, þar sem vísað er í orð Sigmars Guðmundssonar þingmanns Viðreisnar. Þar sem þingsályktunartillagan var lögð fram 8. nóvember og umræðurnar og atkvæðagreiðslan áttu sér stað 9. nóvember verður rannsóknarefnið að mestu afmarkað við það tímabil, frá byrjun núverandi átaka, sem hófust 7. október til 9. nóvember þegar þingsályktunartillagan var samþykkt. Rannsóknarspurningarnar sem leitast verður við að svara er hvað einkennir orðræðu Alþingismanna um átökin? Má greina mismunun og áróður í orðræðu Alþingismanna?

Fyrst verða átökin milli Ísraels og Palestínu sett í sögulegt samhengi með hnitmiðuðu yfirliti af sögu átakanna, staðreyndum um stöðu Palestínu undir yfirráðum Ísraelsríkis og framgangi yfirgangandi átaka í kafla tvö. Í kjölfarið mun þriðji kaflinn fara yfir kenningar um áróður og kúgandi orðræðu sem mun gera mér kleift að greina orðræðuna betur, kenningarnar um áróður gera mér kleift að bera kennsl á áróður í orðræðunni, og kenningin um kúgandi orðræðu skýrir hvernig mismunun birtist í orðræðu og afleiðingar þess. Auk þess verður gerð grein fyrir hugtakinu innrömmun og hvernig það mótar orðræðu og bætir skilning á áróðri og kúgandi orðræðu. Þar sem ritgerðin byggir á innihaldsgreiningu og orðræðugreiningu verður farið yfir báðar rannsóknaraðferðirnar og framkvæmd þeirra við þessa rannsókn í kafla fjögur. Í kafla fimm verður síðan greint frá niðurstöðum greiningarinnar og þær greindar út frá kenningunum um áróður og kúgandi orðræðu. Við greininguna kom í ljós að ríkjandi orðræðan einkenndist af

skrifræðisorðræðu, að nokkrir þingmenn beittu innrömmun um tilvistarógn sem þjóðarmorðsorðræða byggir á, og að orðræðan einkenndist af takmörkuðu upplýsingaflæði, einkum varðandi stríðsglæpi af hálfu Ísraelsríkis og yfirvofandi þjóðarmorð á Palestínubúum. Í sjötta kafla verður farið yfir niðurstöðurnar og þær settar í samhengi við markmið rannsóknarinnar, farið yfir viðeigandi samhengi og svarað rannsóknarspurningunum eftir bestu getu miðað við niðurstöðurnar.

2 Sögulegt samhengi átaka fyrir botni Miðjarðarhafs

Átökin milli Ísraels og Palestínu eiga sér aldalanga sögu, en rekja má rætur þess til átakanna sem hófust milli Palestínubúa og Síonista. Síonistar vildu stofna sjálfstætt ríki fyrir Gyðinga til að komast hjá ofsóknum og kúgun, og í lok 19. aldar beindust sjónir þeirra að Palestínu og gyðingar byrjuðu að setjast þar að í stríðum straumi (Sigríður Víðis Jónsdóttir, 2011, bls. 112). Þetta svæði sem nú er Ísrael og henumdu Palestínsku svæðin tilheyrði Ottómanveldinu þar til landsvæði þeirra var skipt upp í kjölfar fyrstu heimstyrjaldarinnar og Bretland tók yfir stjórn svæðisins með það í huga að með tíma yrði það sjálfstætt ríki (Origins and Evolution, e.d.). Vandinn lá í því að bresk stjórnvöld höfðu heitið því að setja upp heimaland fyrir gyðinga í Palestínu áður en þau hétu því að styðja stofnun sjálfstæðs ríkis fyrir araba í kjölfar stríðsins, en það reyndist þeim ómögulegt að samræma bæði markmiðin (Sigríður Víðis Jónsdóttir, 2011, bls. 117). Palestínubúar mótmæltu stigmagnandi innflutningi Gyðinga og heimtuðu eigið sjálfstæði á meðan hlutfall Gyðinga í Palestínu jókst frá 10% árið 1917 til 30% árið 1947, einkum vegna flótta frá nasistum í Evrópu og krafan um sjálfstætt ríki Gyðinga magnaðist (Origins and Evolution e.d.).

Spennan milli hópanna hélt áfram að magnast með ofbeldi og hryðjuverkaárásum frá víghópum frá báðum aðilum, þar til Bretar sögðu sig frá ábyrgð og höfðuðu mál Palestínu til nýstofnaðra Sameinuðu þjóðanna, og nefnd þeirra í málinu komst að þeirri niðurstöðu að best væri að skipta Palestínu í tvö ríki, eitt fyrir araba sem sagt Palestínubúa og annað fyrir gyðinga (Origins and Evolution e.d.). Það var Íslendingur, Thor Thors, sem sat á þessari nefnd og lagði tillöguna fram til allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna þann 29. nóvember 1947, og þegar gengið var til atkvæðagreiðslu sögðu 13 nei, 10 sátu hjá, og var Ísland á meðal þeirra 33 ríkja sem svöruðu já (Sigríður Víðis Jónsdóttir, 2011 bls. 122-24). Í kjölfar samþykktar tillögunnar framkvæmdu vígahópar gyðinga skipulagðar og kerfisbundnar þjóðernishreinsanir og fjöldamorð á Palestínubúum í aðdraganda og í kjölfar stofnunar ríkis þeirra, sem þekkt er meðal Palestínubúa sem „Nakba“ eða hörmungarnar (Spangler, 2015, bls. 102). Sameinuðu þjóðirnar gripu ekki inn í herferð þeirra og var Ísraelsríki formlega stofnað 14. maí 1948. Ísland var meðal þeirra ríkja sem viðurkenndu sjálfstæði hins nýja ríkis Gyðinga um leið og það var stofnað (Sigríður Víðis Jónsdóttir, 2011, bls. 125 og 128). Sama dag réðust nágrannaríki Araba inn í Ísrael og þar

með hófst sjálfstæðisstríð Ísraelsríkis sem þau unnu með yfirburðum; í kjölfar sigurs þeirra 1949 varð 78% af svæði Palestínu nú innan ísraelskra landamæra, sem skildi bara 22% fyrir Palestínubúa, og u.þ.b. 750.000 Palestínubúar voru hraktir burt og milli 370 til 540 palestínsk þorp voru gjöreydd eða tæmd í hörmungunum (Spangler, 2015, bls. 103-5). Á áratugunum síðan hefur Ísraelsríki sótt eftir hernaðarlegum yfirráðum. Í Sex daga stríðinu náðu þeir allri Palestínu undir sitt vald, og síðan þá hafa þeir stjórnað Palestínubúum í gegnum hernám (Spangler, 2015 bls. 15).

Í grunninn er þetta stjórnmálaleg deila, Ísraelsríki vill viðhalda stjórn og yfirráðum yfir allri Palestínu, og Palestínubúar vilja þjóðfrelsi og viðurkenningu borgaralegra réttinda þeirra (Spangler, 2015 bls. 12). Í tilraunum sínum til þess að ná fram þjóðfrelsi hafa Palestínubúar beitt öllum mögulegum aðferðum án árangurs. Þeir hafa reynt áköll, verkföll, sniðgönguherferðir, vopnuð átök og fleira (Spangler, 2015 bls. 16). Palestínskir víghópar hafa verið í endurteknum átökum við Ísraelsher síðan, einkum samtökin Hamas. Hamas er íslamskur vígahópur sem var stofnaður út frá palestínsku grein Bræðralags múslíma 1987, sem hétu því í stofnsáttmála sínum að eyða Ísrael og stofna íslamskt ríki í þess stað í Palestínu, en í nýjum sáttmála sínum frá 2017 drógu samtökin slík heiti til baka en viðurkenna þó ekki Ísraelsríki (Robinson, 2024). Hamas hafa beitt sjálfsvígisárásum og eldflaugaárásum gegn Ísrael, einkum á milli 2000 og 2005, og vegna slíkra árása eru samtökin skilgreind sem hryðjuverkasamtök af mörgum ríkjum, þar á meðal Bandaríkjunum og af Evrópusambandinu (Spangler, 2015 bls. 156, Robinson, 2024). En samtökin eru einnig stjórnmálaleg samtök sem hafa ráðið völdum á Gaza frá 2006, eftir að Ísrael dró herafla sinn af svæðinu (Robinson, 2024). Slíkar árásir vitnar Ísrael til sem ástæðu átakanna, en Ísraelsríki hefur beitt Palestínubúa hernámi, hafnarbanni og hefur ítrekað ráðist á Gaza (og Vesturbakkann) með hernaðarlegum aðgerðum, ásamt því að ólöglegar byggðir Ísraela á hernumdum palestínskum svæðum hafa staðið yfir og stækkað alla tíð (Council of foreign relations, 2024, Haddad og Chughtai 2023).

Nýjstu átökin hófust þann 7. október 2023, þegar Hamas-liðar gerðu innrás í Ísrael frá Gaza og drápu 1.200 Ísraelsmenn áður en þeir hörfuðu til baka með yfir 200 gísla (Robinson, 2024). Viðbrögð Ísraels hafa vægast sagt verið harkaleg. Mannfallið er nú talið nema um 52.400 og 118.014 særðum, þar af 15.613 börn og 8.304 konur, 210 fréttafólk og 418 hjálparstarfsfólk, þar á meðal 295 starfsmenn Sameinuðu þjóðanna og u.þ.b. 1400

heilbrigðistarfsfólk (OCHA, 2025). Eyðileggingin er algjör, þar sem 92% af íbúðarhúsum og 69% af öllum mannvirkjum hafa verið eyðilögð eða sködduð og gríðarlegur skortur er á öllum nauðsynjum (OCHA, 2025). Ísraelsríki er ásakað um að fremja ítrekaða stríðsglæpi (Amnesty International, 2023a) og viðvörunarbjöllur fóru snemma af stað um yfirvofandi þjóðarmorð vegna orðræðu Ísraelshers og ísraelskra stjórnámálamanna (Lemkins Institute for Genocide Prevention, 2023). Meðal annars hafa þeir ráðist á spítala, skóla, flóttamannabúðir og byggingar á vegum Sameinuðu þjóðanna (OCHA, 2023a) og framkvæmt stríðsglæpi eins og þegar þau beittu hóprefsingu með því að stöðva vatn, rafmagn og mat til Gaza og hefta mannúðaraðstoð þar sem þeir hleypha ekki mannúðaraðstoð inn (Human Rights Watch, 2023). Í gegnum allt þetta hefur Ísraelsríki einnig verulega takmarkað upplýsingaflæði þar sem það meinar aðgang utanaðkomandi fréttamanna að Gaza, svo raunverulega stöðu á Gaza er erfitt að vita (International journalists call on Israel and Egypt for access to Gaza, 2024). Ekki er furða að háttsemi Ísraelsríkis hafi valdið mikilli ólgu, sem og viðbrögð vestrænna ríkja á þessu einu og hálfa ári síðan 7. október.

3 Kenningar

3.1 Innrömmun

Í þessari ritgerð verður notast við hugtakið innrömmun (e. Framming) og innrömmunarramma (e. Frame) í stjórnmálafræðilegum skilningi, byggt á skilgreiningu Robert M. Entman um fyrirbærið. Innrömmun vísar til sérváls á upplýsingum og vægi þeirra í texta, vægi upplýsinga er aukið með því að gera þær áberandi, mikilvægari og eftirminnilegri, til þess að stuðla að tilteknum skilningi. Þetta gerist með því að skilgreina vandamál (hvað er að gerast með hvaða kostnaði og hvaða ávinningi), skilgreina orsakir (hvað er að skapa vandamálið), fella siðferðislegt mat og réttlæta viss úrræði við vandanum (Entman 1993, bls. 52). Með innrömmun er innihald málefnis eða vandamáls skilgreint og í kjölfarið verða tilteknar stefnur eða lausnir dregnar fram og aðrar grafnar niður. Í samhengi áróðurskenninga er hægt að segja að áróðursaðilar vilji stjórna innrömmun málefna svo þau geti skilgreint vandamál eftir þeirra hugmyndafræði og dregið fram lausnir og stefnur sem þjóna þeirra hagsmunum.

3.2 Tegundir áróðurs

Áróður í vestrænum ríkjum á til að vera töluvert högværari en sá hefðbundni áróður sem við ímyndum okkur. Þess vegna þarf að kanna hvaða hugmyndir eru frjálsari en aðrar og fá hljómgrunn, hverjar eru teknar sem sjálfgefna og óhrekjanlegar, og hverjar má varla nefna, til þess að bera kennsl á áróður sem er til staðar og styrkir ráðandi hugmyndafræði okkar (Bytwerk, 1989 bls. 43). Til eru nokkrar fræðilegar skilgreiningar á áróðri, en notast verður hér við eftirfarandi skilgreiningu: Áróður er kerfisbundin tilraun með ásetningi til að móta og stýra skynjun og hegðun á máta sem yrði áróðursaðila í hag (Jowett & O'Donnell, 2012, bls. 7). Þessi skilgreining setur áherslu á markmið áróðursins, að stýra, breyta og móta valdastöðu í hag áróðursaðilans. Áróður snýst um að móta afstöðu og viðhorf, og það getur verið erfitt og umdeilt að greina hann þar sem afstaða fólks ræður því hvað það telur sjálfgefið og auðséð, og hvað það telur umdeilt og óásættanlegt, og þar með hvað sé áróður og hvað sé einfaldlega sannleikur. Til þess að aðgreina áróður frá almennum hugmyndaskiptum setja Jowett og O'Donnell áherslu á ásetninginn bakvið áróður og kerfisbundnu aðferðafræðina sem hann beitir til þess að ná fram hagsmunum áróðursaðila (2012, bls. 17). Áróður byggir alltaf á hugmyndafræði, og skapar sér mynd byggt á henni (Jowett & O'Donnell, 2012, bls. 17) og þar með má segja að áróður reyni að

skapa viðurkenningu fyrir hugmyndafræði áróðursaðilans. Hægt er að greina áróður eftir markmiði, heimildum og áreiðanleika. Ef helsta markmið með skilaboðum áróðursins er að hvetja til aðgerða og umbyltinga er það æsandi áróður (e. Agitative propaganda), og ef áróðurinn á að hvetja til aðgerðaleysis, hjásetu og gagnrýnisleysi og samþykki hugmyndafræðinnar er hann samþættandi áróður (e. Integrative propaganda)(Szanto, 1978, bls.10, Jowett, 2012, bls. 17). Augljós áróður (e. Overt/White propaganda) gerir enga tilraun til þess að hylja uppruna sinn þar sem tilgangur hans er að byggja upp áreiðanleika og traust með áheyrendum. Áherslan er fremur á innrömmun, upplýsingarnar eru almennt réttar að mestu leyti en þær eru settar fram á máta sem rammur inn hugmyndir og hugmyndafræði áróðursaðilans á sem bestan hátt (Jowett og O'Donnell, 2012, bls. 17). Dulinn áróður (e. Covert/Black propaganda) er þá hið öfuga, það felur í sér stórfenglegar og óforskammaðar tilraunir til blekkinga. Í dulnum áróðri er hylmt yfir eða gefin upp fölsk heimild og færðar fram upplýsingar sem eru lygar, uppspuni eða blekkingar (Jowett og O'Donnell, 2012, bls. 18). Og síðan er allt þar á milli óljós áróður (e. Gray propaganda) þegar það er óvisst hvort heimildin sé rétt og hve áreiðanlegar upplýsingarnar eru, slíkur áróður er ýmist notaður til þess að niðurlægja andstæðinga eða upphefja áróðursaðila og hugmyndafræði þeirra (Jowett og O'Donnell, 2012, bls. 20). Að lokum er ein gerð áróðurs sem aðgreinir sig með markmiði og innihaldi. Áróður seinni heimstyrjaldarinnar einkenndist sérstaklega af ódæðisáróðri (e. Atrocity Propaganda) þar sem sögusagnir af hrikalegum ódæðisverkum voru breiddar út til þess að sverta óvinina. Þetta voru einkum fréttir og áróður í kringum meint fjöldamorð, limlestingar og misþyrmingar hermanna eða almennra borgara, og reiðin gegn þessum ódæðisverkum átti að auka ótta við ósigur og herða baráttuanda, meðal annars með aukinni fjáröflun og innritun í her, meira úthaldi og strangari skilyrði fyrir uppgjöf óvina (Jowett & O'Donnell, 2012, bls. 225). Slíkur áróður var byggður á raunverulegum atburðum, sem og ýkjum og algjörum uppspuna, en hann var engu að síður mjög árangursríkur og útbreiddur í seinni heimsstyrjöldinni (Jowett & O'Donnell, 2012, bls. 226).

3.3 Áróður sem kúgandi orðræða

Í bók sinni frá 2023, „The politics of language”, setja fræðimennirnir David Beaver og Jason Stanley fram kenningu sína um „Ideal language model”. Bókin greinir frá því að ein af helstu hugsjónum lýðræðislegrar heimspeki sé hlutleysishugsjónin, sem er sú hugmynd

að lýðræði skapi vettvang fyrir hlutlausa umfjöllun og sem sé tilvalin orðræða í lýðræðislegu samfélagi. Kenning Beaver og Stanley hafnar þessari staðhæfingu, á þeim grundvelli að það sé í reynd ómögulegt fyrir orðræðu að vera hlutlaus, þar sem orð séu aldrei hlutlaus (2023, bls. 293-4). Og þar verður vandinn, samkvæmt kenningunni. Áróður er ávallt til staðar, og sem fyrirbæri sem reynir markvísst að troða eigin sjónarmiðum fram, kemur það í veg fyrir hlutlausa umfjöllun. En þar sem þessi hugsjón um hlutleysi er til staðar er tekið sem gefið að umfjöllun geti verið hlutlaus, og áróðursaðilar geta notfært sér „hlutlaust“ málfar til að hylma yfir eigin hlutdrægni. Það er að segja, áróður getur falið sig sem hlutlausa umfjöllun (2023, bls. 294). Beaver og Stanley rökstyðja ítarlega að þar með sé orðræða aldrei í raun hlutlaus og enn fremur geti „hlutlaus“ orðræða falið skaðann sem er fólgin í henni. Þetta er vandamál, meðal annars vegna þess að í þeirra augum getur orðræða valdið raunverulegum skaða. Þótt orð geti ekki valdið líkamlegum meiðslum eitt og sér, hafa þau vald til að móta og skapa veruleika okkar, og þar með hegðun. Kenningin gengur þar með út frá því að orðræða hafi vald til að móta og stýra hegðun, og þar af leiðandi afstöðu, aðgerðum og stefnu, og getur því valdið skaða fyrir tiltekna hóp ef orðræðan réttlætir kúgun þeirra.

Beaver og Stanley nefna slíka skaðavaldandi orðræðu, kúgandi orðræðu. Það sem oft er kallað hatursorðræða myndi falla undir hana, en í grunninn eru þetta orðræður með stjórnmálalegt eðli sem styðja við kúgun. Hægt er að greina þrjár gerðir af kúgandi orðræðu: ófrægingarorðræðu (e. slurring), þjóðarmorðsorðræðu (e. Genocidal speech) og skrifræðisorðræðu (e. Bureaucratic speech); greint verður frá þeim hér að neðan, fyrir utan ófrægingarorðræðu þar sem ekki voru dæmi um hana í orðræðunni (2023, bls. 376). Beaver og Stanley telja að þessar gerðir af orðræðu hylji skaða sinn með hlutleysi, það er að segja að þær noti „hlutlaus“ orð og „venjuleg“ orð sem án samhengis eru skaðlaus, en í tilteknu samhengi styrkja og ýta undir hugmyndafræði sem valda skaða (2023, bls. 376). Í stuttu máli heldur kenningin því fram að orðræða geti valdið raunverulegum skaða með því að styrkja og viðhalda skaðlegri hugmyndafræði, og að vegsama hugsjón lýðræðis um hlutlausa orðræðu geti falið í sér skaðlega orðræðu og skaðlega hugmyndafræði.

3.3.1 Þjóðarmorðsorðræða

Mismunarhugmyndafræði byggir almennt á hatri og yfirburðum gegn úthópnum, en þegar innhópurinn álítur að tilvist hans sé ógnað af tilveru úthópsins myndast einstaklega

hatrömm afstaða gegn honum. Slík hugmyndafræði beitir þjóðarmorðsorðræðu, sem felst í orðræðu sem réttlætir þjóðarmorð úthópsins í sjálfsverndarskyni. Þjóðarmorðsorðræða beitir innrömmun sem stillir úthópin sem tilvistarógn gegn innhópnum, og þar með verður þjóðarmorð gegn úthópnum réttlát sem sjálfsvörn til þess að fyrirbyggja ofbeldi og þjóðarmorð innhópsins. Þetta er augljós þversögn, þar sem innhópurinn er að ásaka úthópin um skaðlega hegðun sem hann sjálfur ætlar sér að framkvæma, og notar það sem réttlætingu. Þjóðarmorðsorðræða fær vald sitt frá langri sögu átaka, kúgunar og hefndar milli hópa sem hefur skapað mikið hatr, þannig verður til sögulega samhengið sem gerir tiltekið málfar að þjóðarmorðsorðræðu. Þjóðarmorðsorðræða einkennist af þversögn, þar sem innhópurinn ásakar úthópin um skaðlegar ætlanir sem þau sjálf ætla sér að framkvæma, í sjálfsvörn (Beaver og Stanley, 2023, bls. 427).

3.3.2 Skrifræðisorðræða

Skrifræðisleg orðræða felur í sér málfar hins opinbera og embættismanna, sem byggir á forsendunni um hlutleysi til þess að hylja skaða og kúgun. Skrifræðisorðræða verður kúgandi þegar kerfið sem hún þjónar beitir kúgun, og með hlutlausu málfari sínu hylmir hún yfir skaðann sem kerfið veldur. Þetta er gert með því að nota hlutlaust orðaval (venjuleg, hversdagsleg orð) yfir fyrirbæri sem er ekki í samræmi við (gefur ekki til kynna) skaðann sem það veldur (Beaver & Stanely, 2023, bls. 438).

3.3.3 Réttlætingargildran

Fræðimennirnir Anthony Pratkanis og Elliot Aronson halda því fram að áróður reyni að notfæra sér vitræn ferli manna til þess að sannfæra mann um ráðandi hugmyndafræði áróðursaðilans (1991, bls. 24). Réttlætingargildran (e. The rationalization trap) er ein slík aðferð sem oft er notuð til þess að réttlæta hegðun í stríðsátökum. Hún felst í því að við viljum ekki haga okkur á hátt sem er órökréttur og þar með „rangur“, svo við annaðhvort breytum hegðun okkar þegar réttlætingin fellur um sig, eða breytum hugsun okkar til þess að réttlæta hegðun. Einstaklingar eiga til að standa með sinni þjóð í stríði og fylgja ráðandi hugmyndafræði þeirra, sem kveður líklega á um að þeirra þjóð sé „góða“ eða „rétt“ hliðin. En ef þeirra hlið hefur valdið skaða eða sært saklaust fólk, stangast það gegn fyrri hugsuninni, og samkvæmt réttlætingarlögmálinu þarf að leiðrétta þetta ósamræmi með því að réttlæta hegðunina eða breyta hugsununum. Fólk á til að vilja halda í ímynd sína

sem rétta og góða, og kýs þá að leiðrétta ósamræmið með því að réttlæta hegðunina. Þá myndast tilhneiging til þess að draga úr mennsku og auka sakhæfi fórnarlambanna. Hugsunin verður þá sú að hegðunin var réttlát af því að fórnarlambið átti skaðann skilið, og leiðir þetta til mjög hættulegs hugarferlis, því það leiðir til afmennskuvæðingar óvinarins og stigmagnandi grimmdar í atferli. Með orðum Pratkanis og Aronsons, því meir sem við réttlætum grimmd okkar, því léttara verður að framkvæma hana (1991, bls. 38).

4 Gögn og aðferðir

Í þessari ritgerð var notast við blandaðar aðferðir, þar sem beitt var bæði innihaldsgreiningu og orðræðugreiningu til þess að greina fyrirbyggjandi gögn. Var það gert til þess að nýta kosti beggja rannsóknaraðferða og einkum til þess að bæta réttmæti orðræðugreiningarinnar. Beitt var innihaldsgreiningu augljóss innihalds, sem er meginleg rannsóknaraðferð og þar með áreiðanlegri og hlutlægri en eigindlega orðræðugreiningin, til þess að fá skýra mynd af innihaldi gagnanna og auka réttmæti ályktana. En þessi aðferð er yfirborðskennd og nær ekki að fanga merkingu og samhengi vel, sem getur dregið úr réttmæti niðurstaðna (Guðmundur Oddsson, 2021, bls. 395) og þar kemur orðræðugreiningin inn. Ákveðið var að skoða umfjöllun Alþingis á átökum Ísrael og Palestínu. Við skoðun kom í ljós að málið hefur fengið litla umræðu á Alþingi. Eina þingmálið tengt efninu var þingsályktunartillaga sem sett var fram 2023 um afstöðu Alþingis gagnvart átökunum. Svo ákveðið var að skoða og greina umræðuna kringum þessa tillögu. Þingsályktunartillagan, 514. þáttill. n., var sett fram 8. nóvember 2023 og í kjölfarið rætt í 1. og 2. umræðu á 26. og 27. þingfundi 9. nóvember 2023. Tekin var fyrir þingsályktunartillagan og greinargerð hennar, allar 17 ræður í 1. umræðu og 9 ræður í 2. umræðu, og þingsályktunin sem var samþykkt. Tekin var hver ræða í umræðunni fyrir sig og greint í skjali sem nam 45 blaðsíðum.

Innihaldsgreining er bæði eigindleg og meginleg rannsóknaraðferð sem felst í því að mæla innihald í skráðum gögnum með kerfisbundnum hætti. Þetta er fjölbreytt rannsóknaraðferð sem dregur saman mikið efni í skilgreinda flokka í skráðu og skipulögðu kóðunarkerfi, svo hægt sé að draga réttmætar ályktanir um innihald gagnanna (Guðmundur Oddsson, 2021, bls. 386). Einfaldasta útfærsla meginlegrar innihaldsgreiningar telur hve oft fyrir fram skilgreind orð koma fram í efninu sem er til rannsóknar og metur umfang þess, byggt á þeirri hugmynd að orðafjöldi og umfang umfjöllunarefnis endurspegli áherslu og mikilvægi þess í orðræðunni (Guðmundur, 2021, bls. 387). Með þessari kerfisbundnu nálgun er hægt að útbúa tölulega lýsingu og gildi fyrir breytur í umfjöllunarefninu sem má greina með tölulegum hætti, til dæmis með meðaltölum og hlutföllum (Guðmundur, 2021, bls. 387). Kerfisbundna flokkunin sem beitt er í innihaldsgreiningu er kóðun og í þessari rannsókn var beitt aðleiðslukóðun, þar sem fyrst er rýnt ýtarlega í gögnin og áberandi og nauðsynlegir flokkar

myndast út frá því, gögnin sjálf mynda þá flokkana sem kóðað er út frá (Guðmundur, 2021, bls. 394). Kóðun augljóss innihalds einskorðast við að kóða yfirborðið, að kóða sýnilegt innihald textans (Guðmundur, 2021, bls. 395). Almennt er kóðað bæði dulið og augljóst innihald í innihaldsgreiningu. Kóðun dulins innihalds greinir blæbrigðin og samhengið sem liggur bak við orðin á svipaðan máta og orðræðugreining. En orðræðugreining gefur færi á að rýna nánar í samhengið sem liggur bak við orðræðuna á gagnrýnan hátt, og þar með var ákveðið að láta það duga að beita henni og kóðun augljóss innihalds án kóðunar dulins innihalds. Kóðun augljóss innihalds var notuð til þess að fá skýra mynd af umfjöllunarefninu með því að kortleggja tíðni orða og hugtaka í orðræðunni. Í þessari rannsókn fólst það í því að telja orðin og orðasamböndin sem koma fram, án tillits til blæbrigða eða samhengis, og skrá áhugaverðar hugmyndir eða orðaval sem tekið var eftir. Þegar innihald gagnanna hafði verið skráð var byrjað á því að beita innihaldsgreiningu. Þá var farið yfir efnið og skráð hve oft tiltekið orðaval eða hugmynd kom fyrir í öllum ræðunum og því raðað saman í flokkana sem mynduðust og sett saman í töflu 1. Síðan voru tiltekin orð nánar könnuð, í öllum sínum beygingarmyndum, og gerður samanburður á tíðni þeirra sem er greint frá í töflu 2 og 3. Að lokum var ákveðið hvaða þemu höfðu erindi í þessari ritgerð til þess að svara rannsóknarspurningunni og haldið áfram með orðræðugreininguna á þeim. Þá var rýnt í þemun og gerð ýtarleg greining á efninu sem greint verður frá í kafla fimm.

Orðræðugreining er eigindleg rannsóknaraðferð sem þróaðist innan málvísinda til þess að kanna samspil tungumáls og tjáningar við félagslegan veruleika, en fræðimenn frá hug- og félagsvísindum hafa einnig fengið hana að láni (Kristín Björnsdóttir, 2021, bls. 238). Félagsvísindamenn hafa tileinkað sér aðferðina til þess að kanna orðræðu og samspil hennar við umhverfið og aðstæðurnar sem móta hana sem og samverkandi tengsl orðræðu við samfélagið. Það eru margar nálganir að orðræðugreiningu, en grunnhugmyndin bakvið aðferðina er að orðræða sé skapandi fyrirbæri. Hún mótar hugmyndir okkar, hún skapar það sem við tölum um, og á samverkandi hátt takmarkar hún skilning okkar (Kristín Björnsdóttir, 2021, bls. 240–41). Orðræðan hefur þar með mótandi áhrif á þekkingu okkar, á það sem við vitum og vitum ekki, segjum og segjum ekki, af því að hún mótar viðhorf okkar að fyrirbærum og heiminum. Með öðrum orðum, býr orðræðan til þekkingu, og býr þar með yfir valdi (Kristín Björnsdóttir, 2021, bls. 242), og það er þetta vald sem gerir orðræðu hættulega og skaðandi eins og kenning Beaver og Stanley um kúgandi orðræðu leggur fram. Orðræðugreining er þar með tilvalin rannsóknaraðferð skyldi maður vilja rýna í og greina hvernig orðræða mótar

þekkingu, endurspeglar valdatengsl og breytist með aðstæðum og hvernig valdahópar geta mótað orðræðuna, eins og gert verður í þessari ritgerð.

Orðræða er almennt talin skapandi fyrirbæri en það er mikilvægt að skilgreina vel hvað orðræða vísar til í þessu samhengi. Orðræða (e. discourse) er ferli sem skapast af meðvituðum og ómeðvituðum yrðingum og athöfnum. Hún byggist upp af orðum, hugmyndum og athöfnum sem fólk hefur í kringum málefni (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2006, bls. 179). Í orðræðu myndast þar með mynstur og lögmál kringum málefnið, hvernig talað, rætt og hugsað er um það. Þar með hefur orðræðan mótandi áhrif á skilning og umræðu um tiltekið málefni, og með orðræðunni myndast skrifaðar og óskrifaðar reglur um hvernig megi ræða málefnið í tilteknum kringumstæðum. Orðræðan er það sem má og almennt tíðkast að segja, en hún felst einnig í því sem er ósagt, það er að segja í hugmyndunum og atriðunum sem ekki fá hljómgrunn né viðurkenningu og hvað það er sem ekki á að véfengja eða veita móttþróa (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2006, bls. 179-80). Orðræðugreining dregur fram sögulega þróun hugmynda, og árekstra þeirra, og til þess að skilja vel greininguna eru nokkur hugtök sem þarf að gera grein fyrir.

Þrástef (e. discursive theme) er síendurtekið þema, punktur eða hugmynd í orðræðu (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2006, bls. 179), og í orðræðugreiningu felst fyrsta skrefið í því að lesa yfir og gera grein fyrir þrástefunum. Þrástef orðræðunnar verða að sjálfsögðum hlut, við lögum okkur að þrástefum og lögmálum ráðandi (ríkjandi) umræðu og tökum síðan þátt í að viðhalda þessum reglum (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2006, bls. 181). Þetta kallast eigin ögun (e. normalization), og það er mikilvægt að gera grein fyrir því sem er talið sjálfsagt, auðséð og sjálfgefið í orðræðunni, og forsendunum sem tekin eru sem gefnu til þess að gera grein fyrir ríkjandi orðræðunni. En það er einnig mjög mikilvægt fyrir rannsakanda að íhuga sína eigin ögun og áhrif þess á túlkun þeirra. Næsta skref er að gera grein fyrir löggildingarlögmálum (e. legitimating principles) orðræðunnar. Löggildingarlögmál eru mynstur og reglur sem myndast í orðræðu, sem ekki eru algild, en móta þó hvaða hugmyndir og efni er viðurkennt og talið lögmætt (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2006, bls. 179). Þau eru eins konar skrifaðar og óskrifaðar reglur um efnistöð orðræðunnar. Þær byggja almennt á sögulegum eða pólitískum forsendum og vert er að virða þær á viðkomandi vettvangi svo hlustað sé á orð okkar, annars er hætt á því að orðræða einstaklings sé talin ólögmæt og vísað á bug án frekari athugunar (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2006, bls. 179). Það er þetta ferli,

sem mótar hvað er hægt og ekki hægt að segja, og gefur orðræðu bæði beint og óbeint vald á umræðunni, og þar með afmörkun efnisins. Hægt er að beita áróðri til þess að hafa áhrif á þetta ferli og stýra þar með orðræðunni, og þess vegna verður sjónum beint að áróðri og kúgandi orðræðu í þessari ritgerð og gögn greind með hliðsjón af inntaki þjóðarmorðsorðræðu og skrifræðisorðræðu sem fjallað var um í kafla 3.3.

En orðræðan er oft ekki einsleit, það geta verið til staðar mismunandi og andstæð viðhorf þegar mismunandi hópar eða aðilar geta aðhyllast öðru löggildingarlögmáli (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2006, bls. 180). Þá er hægt að tala um víkjandi og ríkjandi orðræðu annars vegar, eða veikara og sterkara lögmál hins vegar. Í þessari ritgerð verður notast við hugtökin ríkjandi og víkjandi orðræða. Eitt af markmiðum orðræðugreiningar er að greina hver er ríkjandi og svo víkjandi orðræða, og af hverju tiltekna hugmyndir og athafnir urðu ráðandi og fengu viðurkenningu í orðræðunni, en aðrar ekki. Að greiningunni lokinni ætti rannsakandi að hafa ýtarlega textagreiningu með yfirlit yfir hinum ýmsu þrástefum orðræðunnar, löggildingarlögmálunum sem mynda ríkjandi orðræðu og mótsagnirnar sem mynda víkjandi orðræðu, og getur nú sett það allt í sögulegt samhengi. Það er í þessu skrefi sem dregnar verða fram aðstæðurnar sem mynduðu þessa eiginleika orðræðunnar, og hvernig orðræðan mótar þekkinguna um málefnið, þar sem hægt er að greina hvað er ekki viðurkennd þekking, hve sterk ríkjandi orðræðan er og hvað annað sem tengist rannsóknarefninu.

4.1 Staðsetning rannsakanda

Ég túlkaði þessar niðurstöður á gagnrýnan máta og með hlutlægni að hliðsjón. En eins og kenningin sem er beitt í greiningunni segir til um, er ómögulegt að vera alveg hlutlaus, jafnvel þegar gerð er tilraun til þess með hlutlausu orðavali. Það er venjan í orðræðugreiningu að gera grein fyrir höfundu sem rannsakanda á sama grundvelli, að okkar afstaða, lífsskilyrði og upplifanir móti hvernig við sjáum og túlkum efnið (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2006 bls. 190). Þess vegna er nauðsynlegt að gera grein fyrir mér sem rannsakanda og staðsetningu minni að viðfangsefninu. Ég er fyrst og fremst hvít, síð-kynja kona og nýtt forréttinda þess. Ég er hins vegar hluti af lágstétt og sú fyrsta í minni fjölskyldu til að útskrifast úr háskóla og hef þar með tiltekna upplifun af jaðarsettum (hóp án forréttinda), hóp sem hefur mótað mín viðhorf gagnvart samfélaginu og var ástæða þess að ég sótti mér nám í stjórnmálafræði. Það sem er mikilvægast fyrir þetta viðfangsefni er að ég er aðgerðasinni sem hefur tekið þátt í mótmælum fyrir Palestínu síðan átökin hófust. Er það vegna þess að ég hef haft áhuga á

mannréttindamálum í mörg ár, og tók upp sérstakan áhuga á aðskilnaðarstefnu Ísraels í Palestínu og mannréttindabrotunum sem því fylgir. Ég hef frætt mig um sögu átakanna, gagnrýni mannréttindasamtaka og sérfræðinga á háttsemi Ísraels og orðræðu ísraelskra valdamanna og sérfræðinga í garð Palestínu, Hamas og gyðingaandúð. Það má segja að ég teljist vera hliðholl Palestínu (Pro-Palestine), en því fylgir ekki að afsaka eða styðja Hamas-samtökin, né að vera andstæð gyðingum eða Ísraelsmönnum sem heild. Því fylgir hins vegar að viðurkenna Palestínumenn sem þjóð sem lifir við kúgun, aðskilnaðarstefnu og mögulega yfirgangandi þjóðarmorð (Rights expert finds, 2024). Það þýðir að túlkun mín á orðræðu Alþingismanna byggist á því að bera hana saman við þær upplýsingar og skilning sem ég hef af átökunum með mjög gagnrýnum máta.

5 Kenningar

5.1 Niðurstöður innihaldsgreiningar

Úr innihaldsgreiningunni mynduðust 12 flokkar sem byggðu á því að vísað var til tiltekinna hugmynda eða fyrirbæra. Tafla 1. telur upp þessa flokka og í hve mörgum af 26 ræðum þeir koma fram.

Tafla 1. Tíðni flokka og tíðni tiltekinna orða og orðavala í ræðum þingmanna. Taflan sýnir í hve mörgum ræðum var vísað í flokk, og hve oft var vísað í tiltekið orð eða orðalag (heiti flokks).

Flokkur	Tíðni flokks í ræðum	Tíðni orða eða orðalags í ræðum
Samstaða (Íslands)	16	23
Vopnahlé af mannúðarástæðum	11	16
Vopnahlé	14	25
Mannúðarhlé	5	5
Fordæming	14	40
Hlutverk Íslands	14	60
Rannsókn brota	7	12
Lausn deilunnar	15	34
Utanríkismálanefnd	18	31
Réttlæting Ísrael	3	7
Þjáning Gaza	16	69
Illska Hamas	3	7

Flestir flokkarnir byggja á tilteknu hugtaki í öllum sínum beygingarmyndum, en í sumum flokkum er tekið saman alls kyns samheiti eða hugmyndir sem gefa hið sama til kynna og talið þau öll. Sjá má viðauka 1 til þess að kanna nánar hvaða hugmyndir og orðalag felst í hverjum flokki. Þessar niðurstöður gefa til kynna að helstu áhersluatriði orðræðunnar hafi verið samstaða, ákall um vopnahlé, fordæming, hlutverk Íslands og utanríkismálanefnd. Út frá þessu var greint hverjir flokkar tengdust rannsóknarefninu og þeir greindir nánar út frá orðræðugreiningu, en þeir sem gerðu það ekki voru settir til hliðar og ekki skoðaðir nánar. Átti

það við um samstöðu, hlutverk Íslands og utanríkismálanefnd sem voru áberandi flokkar en varpa ekki ljósi á rannsóknarefnið. Auk þess voru teknir tilteknir flokkar sem komu ekki oft fram en tengjast efninu. Greint var innihald þessara flokka nánar í kjölfarið.

5.2 Niðurstöður orðræðugreiningar

Ég greindi fjögur áberandi yfirþemu í orðræðunni. Þau eru eftirfarandi: ákall til vopnahlé, illska Hamas og réttlæting Ísraels, óboðleg þjáning á Gasa, og stríðsglæpir og yfirvofandi þjóðarmorð (sem er yfirþema um þögn í orðræðunni). Þetta eru helstu málefni orðræðunnar sem sýna best undirliggjandi hugmyndafræði og var þar með valið að setja áherslu á að greina þau nánar. Helstu þættir og niðurstöður orðræðugreiningarinnar á þessum flokkum er greint frá í eftirfarandi undirköflum.

5.2.1 Ákall til vopnahlé

Ákall til vopnahlés er eitt mikilvægasta stefnumál þingsályktunarinnar. Það er skýr samstaða um það að þörf sé á hléi á átökunum vegna mannúðarneyðar og flestar ræðurnar ítrekuðu að stuðningur við vopnahlé væri grundvallaratriði í stefnu Íslands. Ályktunin hefst á því að „án tafar skuli komið á vopnahlé af mannúðarástæðum á Gaza-svæðinu svo tryggja megi öryggi almennra borgara, jafnt palestínkra sem ísraelskra.“ Hér kemur fram mjög áhugavert orðaval, sem veldur því að afstaða Íslands er alls ekki eins skýr og þingmenn héldu fram. Ályktunin tilgreinir að koma skuli á vopnahlé af mannúðarástæðum fremur en að kalla einfaldlega eftir vopnahléi. Þetta vakti athygli mína, einkum þar sem í orðræðugreiningunni kom í ljós ósamræmi í hugtakanotkun þingmannanna. Til dæmis notar Ágúst Bjarni Garðarsson (F) hugtakið mannúðarvopnahlé, sem vísar líklega til vopnahlés af mannúðarástæðum, en tekur einnig undir atkvæðaskýringu Íslands á neyðarfundinum allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna þann 27. október þar sem notað er hugtakið mannúðarhlé (Ágúst Bjarni Garðarsson, 2023). Sigmar Guðmundsson frá Viðreisn (2023) vísar til þingsályktunartillögu flokks síns um mannúðarhlé og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (M) segist styðja tillöguna með þeim skilningi að orðalagið vopnahlé af mannúðarástæðum eigi við um mannúðarhlé sem sagt „tímabundið hlé á átökum til að liðka fyrir mannúðaraðstoð á Gaza-ströndinni“ (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, 2023). Þetta býr til átök í orðræðunni, þar sem Andrés Ingi Jónsson (P) ítrekaði að ályktunin notar ekki „orðskrípið mannúðarhlé“ heldur kalli eftir vopnahléi sem Sigmundur þurfi að sætta sig við (Andrés Ingi Jónsson, 2023), og Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (P) sagði að „mannúðarhlé er ekki nóg. Við þurfum vopnahlé strax“ (Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, 2023). Andrés Ingi Jónsson

(P) og Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (P) greina rétt frá því að það er greinarmunur á mannúðarhléi og vopnahléi, og slá því fast að orðalag þingsályktunartillögunnar eigi við um vopnahlé á meðan Ágúst og Sigmundur gefa í skyn að það eigi við um mannúðarhlé. Þetta veldur því að orðræðan er óskýr. Andrés Ingi Jónsson (P) og Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (P) gera sér grein fyrir muninum og töldu ályktuninna vísa í vopnahlé, en þar sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (M) notar vopnahlé til þess að vísa í mannúðarhlé, og Sigmar Guðmundsson (V) talar um það sem sambærilegt fyrirbæri, er ekki um sameiginlegan skilning að ræða.

Þá er mikilvægt að gera grein fyrir muninum sem er fólgin í þessum hugtökum og hvers vegna það skiptir máli hvort er átt við. Sérfræðingar, fjölmiðlar, stjórnámálameinn og stofnanir eins og SP nota þessi hugtök óspart, en þar sem þau eru hvergi skilgreind í alþjóðalögum og það er engin ein viðurkennd skilgreining er létt að rugla þeim saman (United Nations Department of Political and Peacebuilding Affairs [DPPA], 2022, bls. 10). Samkvæmt Sameinuðu þjóðunum felst vopnahlé í samkomulagi milli deiluaðila um tímabundna stöðvun á átökum sem nær yfir allt átakasvæðið, almennt með það að markmiði að skapa vettvang til viðræðna og möguleika á varanlegu pólitísku samkomulagi. Mannúðarhlé er hins vegar samkomulag um staðbundna og skammtíma stöðvun hernaðaraðgerða eingöngu í mannúðarskyni, svo að greitt sé að framkvæma mannúðarstarf á tilteknum stað og tíma (OCHA, 2011). Þótt báðar aðgerðirnar myndu stöðva átökin og skapa vettvang til að lina mannúðarneyð, er mannúðarhlé almennt mjög stutt og takmarkað inngríp sem er af hverju Þórhildur Sunna ítrekar að það þurfi vopnahlé, því „það er ekki nóg að gera hlé á sprengjuregninu til þess að íbúar Gaza fái smá mat og halda svo áfram að drepa fólk í þúsundatali“ (Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, 2023). Vandinn hins vegar við vopnahlé er að þar sem þau eru lengri og yfirgrípsmeiri aðgerðir sem marka oft upphaf að endalokum átaka myndi vopnahlé hefta hernaðarleg markmið Ísraelshers og það getur verið ástæðan fyrir því að frekar er áhersla lögð á mannúðarhlé (Gillard, 2023). Gæti það verið af hverju Sigmundur Davíð segir að krafan um tafarlausa lausn gísla þurfi að vera sett fram í samhengi við kröfuna um mannúðarhlé (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, 2023). Með þessari innrömmun gefur Sigmundur það í skyn að mannúðarhlé verði ekki komið á ef Hamas fellst ekki á að frelsa alla gíslana, en með því er hann að setja mannúðarhlé fram sem stjórnálalegt spil og lætur markmið Ísraelshers ganga fram yfir mannúðarneyðina á Gaza. Þar sem hann beitir þessari innrömmun gefur það í skyn að hann sé með ígrunduðum vilja að vísa til mannúðarhlés þrátt

fyrir að tillagan tali um vopnahlé af mannúðarástæðum, en ekki að hann sé einfaldlega að rugla hugtökunum saman.

Annað sem má benda á í þessari orðræðu um mannúðarhlé og vopnahlé er hvernig það er gefið í skyn að mannúðaraðstoð geti aðeins farið fram ef gert er hlé á átökunum. Það sem virðist fara á mis í orðræðunni er það að mannúðarhlé er ekki skilyrði til þess að koma að mannúðaraðstoð. Tilgangur mannúðarhlés og allra aðgerða til að linna mannúðarneyð, er ekki að leyfa mannúðaraðstoð sem annars er ekki til staðar, heldur eiga þau að gera mannúðaraðstoð greiðari og minnka hættuna á að þau verði í skotlínu átaka. Staðreyndin er sú að alþjóðleg mannúðarlög verja mannúðarstarfsemi og ríkjum er skylt að leyfa greiðan aðgang að mannúðaraðstoð og reyna eftir bestu getu að skýla henni frá átökunum; hlé á átökunum eiga að gera það greiðara og öruggara en ella (Gillard, 2023). Í orðræðunni er beitt líkum hugtökum og þingmenn virðast gefa hugtakinu vopnahlé af mannúðarástæðum ólíka merkingu. Þar sem erfitt er að aðgreina hvort vopnahlé af mannúðarástæðum vísi til mannúðarhlés, vopnahlés eða einhverrar blöndu þar á milli, verður óskýrt hvað felst í afstöðu Íslands gagnvart hléi á átökunum.

Þótt öll hlé á átökunum væru jákvæð, er mannúðarneyðin á Gaza svo mikil að takmarkað inngrip eins og mannúðarhlé dygði ekki til. Það skiptir þar með máli hvort Ísland muni styðja við vopnahlé eða fari fremur fram á mannúðarhlé ef Sameinuðu þjóðirnar kysu aftur um vopnahlé á Gaza. Notkun hugtakanna mannúðarhlés og vopnahlés af mannúðarástæðum, með þeim skilningi að það sé ekki eins stórt og varanlegt inngrip og vopnahlé, dregur úr því hve alvarleg mannúðarneyðin er á Gaza með því að kalla eftir vægari aðgerðum og ber þar með einkenni skrifræðisorðræðu. Flestir þingmennirnir notuðu hugtakið vopnahlé. Það gefur til kynna að þingmenn hafi notað þessu tvö hugtök sem samheiti, en það skýrir ekki hvernig þau skilja inntak hugtaksins. Þessar niðurstöður gefa til kynna að þingmennirnir hafi annaðhvort ekki nægilegan skilning á muninum milli mannúðarhlés og vopnahlés og því sem þau lýsa stuðningi við, séu að beita hugtakinu vopnahlé af mannúðarástæðum til þess að vísa í vopnahlé fremur en mannúðarhlé, eða að þau viti mætavel muninn en séu að beita skrifræðisorðræðu.

5.2.2 Óboðleg þjáning á Gaza

Eitt af yfirþemum orðræðunnar er óboðleg þjáning á Gaza, sem fólst í hugmyndum og orðavali varðandi neyðina og hörmungarnar á Gaza, og í kjölfarið gagnrýni á hörku Ísraels. En það sem

kom í ljós, var að jafnvel meðal þingmanna sem báru töluverða samúð fyrir Palestínubúum og gagnrýndu háttsemi Ísraelsríkis, var áberandi munur í orðavali varðandi andlát Palestínubúa og Ísraelsmanna, og varðandi hugtökin sem voru notuð til þess að lýsa háttsemi Ísraels og Hamas.

Tafla 2. Samanburður á tíðni hugtaka um háttsemi Ísraels/Ísraelsmanna samanborið við Palestínu/Palestínubúa.

Hugtak	Tilvísun í Ísrael/Ísraelsmanna	Tilvísun í Palestínu/Palestínubúa	Fjöldi ræða
Aðgerð	5	0	5
Brot	13	10	7
Árás	27	13	14
Fjöldamorð/dráp	0	2	2
Hörmungar	11	12	8
Stríðsglæpir	6	1	3
Ofbeldi/-verk	15	20	8
Þjóðarmorð	3	0	1

Eins og greint er frá í töflu 2. vísuðu fimm ræðumenn til aðgerða Ísraels, sem má flokka sem skrifræðisorðræða þar sem aðgerðir gefur ekki til kynna hvað felst í þeim og er ekki neikvætt hlaðið hugtak. En við innihaldsgreiningu kom í ljós að talað var um árásir Ísraels ellefu sinnum og árás Hamas þrettán sinnum, sem má telja fremur sambærilegt. Í raun var vísað til árása Ísraels 27 sinnum, en sextán af þeim vísunum voru í ræðu Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur sem samræmist ekki ríkjandi orðræðunni og má telja sem frávik. En þó er mikilvægt að draga fram að flestar vísanir til árása Hamas tilgreindu að um væri að ræða hryðjuverkaárás, sem er afar neikvætt hlaðið orð og einnig er tvisvar talað um fjöldamorð Hamas. Þetta gerir það að verkum að þótt vísað sé jafn oft í árás verður orðræðan í garð árásar Hamas töluvert neikvæðari en vísun í árásir Ísraels þegar ekki er nánar tilgreint hvernig árásir. Eins og Þórhildur bendir á, felast „svonefndar aðgerðir“ Ísraelhers í árásum þeirra á „sjúkrabíla, árás á spítala, árás á skóla, árás á fjölbýlishús, árás á flóttamannabúðir, árás á húsakynni Sameinuðu þjóðanna, árásir á blaðamenn, árás eftir árás á saklaus börn... Þetta eru stríðsglæpir“ (Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, 2023). Eins og Þórhildur bendir á, eru þetta stríðsglæpir, en ríkjandi orðræðan gengur ekki út á það. Flestir þingmennirnir töluðu um árásir Ísraels í samhengi við brot gegn alþjóðlegum mannúðarlögum, sem kom fram þrettán sinnum, en í

samanburði var talað um þessi brot sem stríðsglæpi aðeins sex sinnum í þrem ræðum. Þetta er dæmi um hlutlaust orðaval sem hylur yfir skaðann sem er gerður í raun, brot gefur ekki til kynna hvaða brot né hve alvarlegt. Þeim fylgir ekki sama gildismat og stríðsglæpur og glæpir gegn mannkyni, sem eru verstu brot sem ríki geta framið gegn alþjóðalögum, og eru svo alvarleg að hvert ríki hefur skyldu og réttinn til þess að ákæra ríki sem fremja slík brot (Center for Justice and Accountability, e.d.).

Það er mikilvægt að nefna að eitt af þrástefum orðræðunnar er ákall til rannsókna á öllum brotum stríðandi fylkinga sem kom fram tólf sinnum í sjö ræðum og gefur til kynna að viðurkennt sé að Ísraelsher sé að brjóta af sér og að það þurfi að draga þá til ábyrgðar. En í samhengi orðræðunnar býr þetta ákall til það viðmið að vafi sé hvort þessi brot séu stríðsglæpir, og hvort í raun sé hægt að leggja siðferðislegan dóm á þau. Ekki þarf að rannsaka árás Hamas til hlítar til þess að tala um hana sem hryðjuverkaárás eða til að leggja á hana siðferðislegan dóm. Greinilegt er að Hamas-liðar gerðu árás á almenna borgara í Ísrael sem var ekki réttmæt, það kemur skýrt fram í orðræðunni. En talað er um aðgerðir og árásir Ísraels sem brjóta gegn alþjóðlegum mannúðarlögum, og þörf er að rannsaka. Þessi hugtök gefa ekki til kynna að um sé að ræða óréttmætt ofbeldi eins og stríðsglæpi, og orðræðan dregur úr skaðanum sem Ísraelsher veldur, og neitar að leggja sambærilegan siðferðisdóm á háttsemi Ísraels eins og hún gerir fyrir háttsemi Hamas. Í þessu samhengi tekur ákall eftir rannsókn brota sér aðra mynd, í raun styrkir hún þá hugmynd að óljóst sé hvort háttsemi Ísraelshers brjóti gegn alþjóðlegum mannúðarlögum og réttlætir það að efast um að þeir hafi framið stríðsglæpi sem ber að siðferðislega fordæma. Einnig vil ég benda á hve tilgangslaust er að kalla eftir rannsókn brota, eins og ályktunin og margir þingmennirnir gera, án þess að ítreka nauðsyn þess að óhlutdrægur aðili annað en Ísraelsríki sjálft framkvæmi rannsóknina og að Alþjóðadómstólnum sé kleift að draga þá til ábyrgðar í kjölfarið. Einnig kemur fram forvitnilegt misræmi, þar sem þingmennirnir kalla eftir ýtarlegri rannsókn á öllum meintum brotum gegn alþjóðlegum mannúðarlögum, en aðeins einn þingmaður, Þórhildur Sunna, vitnar í rannsókn Alþjóðadómstólsins um gruninn um að Ísrael sé að fremja þjóðarmorð gegn Palestínubúum (Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, 2023). Það væri rökrétt að vísa í rannsóknina sem væri nú þegar hafin ásamt áköllum eftir rannsóknum á brotum og ég velti fyrir mér hví þingmennirnir skyldu ekki lýsa yfir beinum stuðningi við rannsókn Alþjóðadómstólsins.

Vísun í hryðjuverkaárás Hamas á meðan talað er um árásir Ísraels sem brot á alþjóðlegum mannúðarlögum í stað stríðsglæpa, skapar tiltekna innrömmun sem veldur skekkju í orðræðunni. Með því er felldur harður siðferðislegur dómur gegn háttsemi Hamas, en dregið verulega úr skaða og alvarleika háttsemi Ísraels um leið og sambærilegur dómur er ekki lagður gegn þeim. Það er mögulega þessi innrömmun sem veldur því að ákall þingmanna á rannsókn brota er yfirborðskennt, orðræðan gefur til kynna efa um sekt Ísraels sem er ekki til staðar um sekt Hamas.

Tafla 3. Samanburður á tíðni hugtaka um andlát í garð Ísraelsmanna samanborið við Palestínubúa.

Hugtak	Ísrael	Palestínubúar	Fjöldi ræða
Týna/ lætur lífi	2	4	4
Falla frá	1	3	1
Deyja/deyr	0	14	2
Dráp/drepa/drepin	5	7	6
Myrt/myrða	4	0	3
Slátrað	3	1	4

Í inngangi var sagt frá greiningu sem gerð var af The Intercept, þar sem rannsóknarblaðamenn könnuðu orðaval hjá nokkrum fréttaveitum. Greining þeirra fann að fyrir hver tvö palestínsku dauðsföll voru Palestínubúar nefndir einu sinni, en fyrir hvert ísraelskt dauðsfall voru Ísraelsmenn nefndir átta sinnum og þetta ójafnvægi sýndi sig í gildishlöðnu málfari (Johnson og Ali, 2024). Tilfinningaþrungin orð voru nær eingöngu notuð af fréttamönnum og ritstjórum til þess að lýsa dauðsföllum Ísraels, „slátrun“ (e. Slaughter) var notuð 60 sinnum um dauðsföll Ísraelsmanna miðað við tvisvar um Palestínubúa og „hryllilegt“ (e. Horrific) var notað til þess að lýsa dauðsföllum Ísraels 36 sinnum en fjórum sinnum um Palestínubúa (Johnson og Ali, 2024).

Eins og tafla 3. greinir frá, var fjórum sinnum vísað í morð og þrisvar í slátrun Ísraelsmanna, aðeins einn þingmaður vísaði í slátrun Palestínubúa og aldrei var talað um morð á Palestínubúum. Talað var um dráp á Ísraelsmönnum og Palestínubúum með sambærilegum hætti, en langoftast var vísað í dauða þeirra, með því að segja að þeir deyi, týni eða láti lífi eða falli frá. Hugtök eins og morð og slátrun gefa til kynna ásetning til þess að svipta lífi og orðin sýna greinilega fordæmingu á andlátinu, á meðan hugtakið að deyja og aðrar vísanir í dauða tilgreina ekki gildismat eða fordæmingu á andlátinu. Þetta orðaval leggur annan dóm á andlát

Ísraelsmanna en andlát Palestínubúa, og skapar þar með áhugaverða mótsögn í orðræðunni sem þingmennirnir taka ekki eftir. Þingmennirnir lýsa því oft yfir að líf palestínskra borgara gildi jafnt á við Ísraelska, en með því að taka andstöðu gegn andlátum Ísraelsmanna en ekki Palestínubúa er settur fram sá staðall að mannfall Ísraelskra borgara sé ólögmætt ofbeldi, og þar með siðlaust, á meðan mannfall palestínskra borgara er lögmætt ofbeldi og þar með hlutlaust fyrirbæri sem ekki þarf að fella dóm um. Það er einnig afar mikilvægt að benda á samhengið sem þingmennirnir eru að nota þetta andstæða orðaval í, umræðan snýst um mannfall almennra borgara í kjölfar árása sem brjóta gegn alþjóðlegum mannúðarlögum og eru stríðsglæpir. En eins og lýst er að ofan er verið að hylma yfir hversu alvarlegar árásirnar eru, og enn aftur notað hlutlaust málfar til þess að draga úr ábyrgð Ísraels á skaðanum sem árásir þeirra valda, sem sagt mannfalli almennra borgara. Gott dæmi um hvernig þetta kemur saman má finna í ræðu Diljár Mist Einarsdóttur (S) sem lagði fram þingsályktunartillöguna, til þess að greina frá eftirfarandi fordæmingu Hamas:

Hryðjuverkaárás þar sem 1.400 manns, almennum borgurum, var slátrað. Almennir borgarar, ungbörn jafnt sem aldraðir, voru svívirtir, myrtir, brenndir lifandi af hryðjuverkasamtökum sem er ekkert heilagt, allra síst eigin samlandar, Palestínumenn, sem þeir ofsækja, kúga og myrða, m.a. sökum kynhneigðar. (Diljá Mist Einarsdóttir, 2023)

Diljá Mist notar sögnina að myrða þegar Hamas-liðar eiga í hlut og gefur þar með í skyn ólögmætt og siðferðislega rangt ofbeldi af þeirra hálfu, og styrkir hún það enn fremur með því að aðgreina milli Hamas-liða og Palestínubúa með því að ramma þá inn sem ógn gegn eigin samlöndum. En það má athuga að hún tekur sér ekki tíma til þess að fordæma andlát Palestínubúa af hálfu Ísraelsríkis með sama móti. Tökum hér síðan dæmi um hvernig Sigmar Guðmundsson (V) setur áherslu á hryllinginn á Gaza, en Ísrael sem aðgerðaraðili er alveg fjárverandi í þeim hryllingi:

Það er algerlega morgunljóst að Gaza er helvíti á jörð; sprengjur falla, fólk deyr, börn deyja, fjölskyldur missa heimili sín og ofan á þann hrylling bætist að það er ekki hægt að flýja svæðið með góðu móti. Fólk er innilokað í sprengjuregni. (Sigmar Guðmundsson, 2023)

Sigmar fordæmir það að sprengjur falli, að fólk og börn deyi og að þeim sé ekki kleift að flýja með góðu móti, og hann ítrekar jafnframt að það eigi ekki að sprengja spítala eða skóla og slíkt eigi að fordæma (Sigmar Guðmundsson, 2023). En hann setur andlát Palestínubúa í þolmynd og virðist ekki leggja siðferðislegan dóm á háttsemi Ísraels sem veldur þessum

hryllingi. Það er greinilegt að þingmenn telja að andlát Palestínubúa beri að harma, en enga síður sýnir orðaval þeirra um andlátin að ekki sé lagt sama gildismat á hve siðferðislega röng þau eru og gert er við andlát Ísraelsmanna.

5.2.3 Illska Hamas og réttlæting Ísraels

Þjóðarmorðsorðræða byggir á innrömmun sem skilgreinir kúgaðan hóp sem tilvistarógn gegn ráðandi hóp og tranar fram þeirri úrlausn að gjöreyða þeim í sjálfsvörn. Það er á þessum grundvelli sem þjóðarmorð og hömlulaust ofbeldi er réttlætt og það vekur áhyggjur að innrömmun um sjálfsvörn Ísraels, sem í orðræðu Ísraels tekur oft undir þjóðarmorðsorðræðu, megi finna í ræðum hjá þremur þingmönnum. Það er fyrst og fremst gert með vel þekkta slagorðinu „Ísrael hefur rétt til sjálfsvarnar“ sem Ísraelsríki og stuðningsmenn beita til þess að vísa á bug ásökunum um brot og gefa í skyn að sjálfsvörn réttlæti brot á alþjóðalögum (Amnesty International, 2023b). Á þeim grundvelli neitar Ísrael ásökunum um þjóðarmorð, heldur séu þau að herja varnarstríð til þess að eyða tilvistarógninni sem stafar af Hamas, sem sé ekki beint að Palestínubúum (War against Hamas, 2024). Dilja Mist Einarsdóttir (S) segir að „Þótt Ísrael hafi óskoraðan rétt til sjálfsvarnar eins og önnur ríki er sá réttur ekki takmarkalaus. Því verður að rannsaka öll brot stríðandi aðila á alþjóðalögum og mannúðarrétti til hlítar“ (Dilja Mist Einarsdóttir, 2023). Sigmundur Davíð tekur undir það og ítrekar að „með tillögunni sé viðurkenndur réttur Ísraels til sjálfsvarnar með tilliti til alþjóðalaga“ (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, 2023). Þetta slagorð kallar fram mjög tiltekna innrömmun, sem gefur í skyn að Ísraelsríki sé að bregðast við í sjálfsvörn og þar með réttlætir háttsemi þeirra sem nauðsynlegt og réttlætanlegt viðbragð við tilvistarögn. Dilja Mist tekur fram að þessi réttur sé ekki takmarkalaus og er hún þar með ekki að réttlæta hömlulaust ofbeldi svo varla er hægt að telja að hún trani fram þjóðarmorðsorðræðu. En með vísun í óskoraðan rétt eins og önnur ríki, virðist hún gefa í skyn að gagnrýni á háttsemi Ísraels sé að reyna að hefta rétt þeirra til varnar miðað við önnur ríki. Í því samhengi virðist hún þá gefa í skyn að rannsaka þurfi háttsemi þeirra þar sem hún falli mögulega innan sjálfsvarnar fremur en stríðsglæpa. Sigmundur Davíð gerir hið sama með því að tala um viðurkenningu á rétti Ísraels til sjálfsvarnar og gefur í skyn að þau hafi rétt til að bregðast með hverju móti sem er, svo lengi sem það gangi ekki of langt gagnvart alþjóðalögum. Þau ganga ekki svo langt að segja að Ísraelsríki eigi rétt á hömlulausri sjálfsvörn, en þau kalla fram þá innrömmun að Ísraelsríki sé að bregðast við raunverulegri ógn sem sé

réttur sem má ekki efa, og með því leggja grundvöll fyrir því að háttsemi þeirra sé réttlát sjálfsvörn fremur en stríðsglæpir eða mögulegt þjóðarmorð.

Þetta er áhyggjusamt þar sem að samhliða þessari innrömmun um sjálfsvarnarstríð hafa ísraelsk stjórnvöld beitt þjóðarmorðsorðræðu. Yfirlýsingar þeirra hafa skapað þá innrömmun að sigur gegn Hamas byggist á algjörri eyðileggingu Gaza og þvinguðum brottflutningi Palestínubúa, og þau hafa réttlætt mismunun, ofbeldi og jafnvel útrýmingu Palestínubúa (Office of the United Nations High Commissioner for Human Rights [OHCHR], 2024 bls. 27). Þegar íslenskir þingmenn taka undir þessa innrömmun sjálfsvarnarstríðs Ísraelsríkis verður hætta á því að þessi þjóðarmorðsorðræða sem hefur orðið samofin henni fái hljómgrun eða lögmæti á Íslandi. Þetta eru ekki tilefnislausar áhyggjur, þar sem einn þingmaður fór svo langt að taka undir slíka þjóðarmorðsorðræðu. Birgir Þórarinsson (S) hóf ræðu sína á því að segja að „við eigum að fordæma allt ofbeldi og mannslíf á Gaza eru jafn dýrmæt og mannslíf í Ísrael“ en segir svo að hann hafi haft engin svör þegar ísraelskir þingmenn spurðu hvað hann hefði gert þegar hryðjuverkamenn ráðast inn í landið og drepa á miskunnarlausan hátt, og gefur þar með í skyn að andlát Palestínubúa séu skiljanleg afleiðing í kjölfar árásar Hamas (Birgir Þórarinsson, 2023). Hann dregur fram þessa innrömmun um tilvistarógn með því að vísa ítrekað í ógnina sem stafar af Hamas:

Hvað hefðuð þið gert, hvað mynduð þið gera, ágætu þingmenn, þegar tæplega 2.000 hryðjuverkamenn ráðast inn í landið ykkar alvopnaðir og drepa á miskunnarlausan hátt eins og ég hef lýst hér, og á eftir þeim kæmu 2.000 almennir borgarar með axir, hnífa, skóflur og stælu öllu steini léttara og tækju gísla með sér yfir á Gaza? Hvað mynduð þið gera ef það væri skotið á ykkur 9.000 eldflaugum og teknir 240 gíslar frá 20 löndum? Mynduð þið kalla eftir vopnahléi? Það sló þögn á þingmannahópinn og við höfðum engin svör. (Birgir Þórarinsson, 2023).

Hann virðist réttlæta háttsemi Ísraelsríkis í átökunum með því að ítreka ógnina sem stafar af Hamas, og virðist telja að ódæðisverk Hamas geri það ómögulegt að fordæma háttsemi Ísraels, á þeim grundvelli að þau hafi engan annan kost, og jafnvel þann rétt, en að bregðast við af eins mikilli hörku og þarf til að eyða Hamas. Má einkum benda á staðhæfingu hans að á eftir Hamas-liðum komu „2.000 almennir borgarar með axir, hnífa, skóflur og stælu öllu steini léttara og tækju gísla með sér yfir á Gaza“ (Birgir Þórarinsson, 2023) sem alhæfir að almennir borgarar væru samsekir í árás Hamas og gerir Palestínubúa sem heild að tilvistarógn gegn Ísrael. Með því er Birgir að beita réttlætingargildrunni til þess að réttlæta skaðann gegn almennum borgurum á Gaza, enda gefur hann í skyn að þó að líf Palestínubúa skipti máli sé

það þeirra eigin sök að þau séu að deyja, þar sem hann segir að ódæðisverk og mannvonska Hamas sé “ástæða þess að hörmungar dynja yfir saklaust fólk á Gaza” (Birgir Þórarinsson, 2023).

Birgir beitir einnig ódæðisáróðri til þess að réttlæta skaðann gegn Palestínubúum og réttlæta háttsemi Ísraelsríkis. Birgir lýsir frá því að hafa séð myndbönd úr búkmyndavélum Hamas-liða sem sýndu „mannvonsku sem orð fá ekki lýst“ eins og að setja ungbarn inn í bakaraofn, að afhöfða kornabörn og fara með höfuðið inn á Gaza, skera fóstur úr móðurkviði, brenna heilar fjölskyldur, skjóta sofandi fólk og ítrekaðar nauðganir (Birgir Þórarinsson, 2023). Gögnin sýna að kynferðislegar árásir áttu sér stað (Spencer & Gore, 2023) og konur og börn voru skotin og brennd af Hamas-liðum í árásinni, þar af ein fjölskylda, en það virðist sem engar afhöfðanir hafi átt sér stað, hvað þá á kornabörnum (Chance, Greene & Berlinger, 2023), og ekki virðast vera til heimildir um að ungbarn hafi verið sett í ofn eða að fóstur hafi verið skorið úr móðurkviði. Þetta virðist vera dæmi um óljósan áróður, þar sem erfitt er að greina hve áreiðanlegar eru, en greinilega er þetta æsandi áróður þar sem ætlunin er að ýta undir hrylling, og saman verður þetta þar með skólabókar dæmi um ódæðisáróður. Árás Hamas var nógu hryllileg án þess að þörf væri á að vísa í uppspuna og rangar staðhæfingar til þess að valda hrylling svo þessi ódæðisáróður leggur fram þá innrömmun að Hamas-liðar séu einstaklega siðlausir, og í orðræðu Birgis er það notað til þess að yfirfæra alla ábyrgð á hörmungunum á Gaza yfir á Hamas í stað Ísraelsríkis. Þegar þessi orðræða er sett í samhengi við það að sterkur grunur er um að Ísraelsríki sé að fremja stríðsglæpi og að þjóðarmorð sé í vændum (Amnesty International 2024, Rights expert finds, 2024), virðist þetta þá vera tilraun til þess að réttlæta háttsemi Ísraelsríkis með því að ítreka að Hamas, og í kjölfarið Palestínubúar sem eru þeim samsekir, eru tilvistunarógn sem Ísrael þarf að eyða. Það eru góðar líkur á því að þessir þingmenn ætluðu sér ekki vísitandi að lögmæta slíka hatursfulla orðræðu, en í þessum tilfellum, einkum hjá Birgi Þórarinssyni, er þess virði að benda á hve skaðleg orðræðan er í garð Palestínubúa.

5.2.4 Stríðsglæpir og yfirvofandi þjóðarmorð

Þessir tveir straumar sem lýst var að ofan eru einkennandi fyrir ríkjandi og andstæða orðræðu þingmanna. Skrifræðisorðræðan er einkennandi fyrir ríkjandi orðræðuna, á meðan þjóðarmorðsorðræðan er áberandi, en mætti samt kalla víkjandi orðræðu þar sem aðeins tvær ræður notuðu slíka orðræðu. En þjóðarmorðsorðræða og skrifræðisorðræða eru tvær hliðar

af kúgandi orðræðu, sem gefur til kynna að orðræðan byggist á mismunarhugmyndafræði. En það sem mér fannst hvað mest áhugavert við orðræðuna, voru upplýsingarnar sem vöntuðu, sem fengu engan sess. Hér verður skoðað og greint frá ræðu Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur (P), sem má greina sem víkjandi orðræðu og vísar hún í samhengi sem er að mestu alveg fjarverandi í öllum hinum ræðunum. Í ræðu hennar er snert á samhengi sem er alveg fjarverandi í umræðunni og skoðað hvernig það sýnir tiltekna upplýsingastjórnun og hvernig það getur mótað orðræðuna.

Í fyrri köflum var greint frá þrástefum orðræðunnar og greint orðaval sem gefur til kynna að orðræðan leggi annað mat á óboðlega hegðun Hamas heldur en óboðlega hegðun Ísraelshers. Er það bæði gefið í skyn með því hvernig talað er um andlát og hvernig talað er um háttsemi/árásir hvors aðila. Ég færi þau rök að ákallið til rannsókna brota þjóni þeim tilgangi í orðræðunni að gefa til kynna að óvisst sé hvort Ísraelsher hafi brotið á sér, og að það þurfi að rannsaka öll möguleg brot áður en hægt er að leggja dóm á háttsemi þeirra. Hryðjuverk vegur þyngra en stríðsglæpur, ólögmætt ofbeldi hryðjuverkasamtaka er siðlaust, en ólögmætt ofbeldi hers er óboðlegt/ámælisvert, og stundum á ábyrgð Hamas eða réttlætanleg viðbrögð við Hamas. Þórhildur Sunna talar um fordæmingu stríðsglæpa fyrir botni Miðjarðarhafs (Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, 2023) og vísar þar með frá ráðandi orðræðunni sem fordæmir brot gegn alþjóðlegum mannúðarlögum. Eins og greint var frá í fyrri kafla vísa flestir þingmennirnir í aðgerðir eða árásir sem brjóta gegn alþjóðlegum mannúðarlögum en sleppa því að skýra nánar frá þeim, en Þórhildur dregur fram nánari upplýsingar um þessar árásir og afhjúpar með því að þetta séu ekki minni háttar brot heldur stríðsglæpir. Hún telur upp að Ísraelsher hafi gert „árás á sjúkrabíla, árás á spítala, árás á skóla, árás á fjölbýlishús, árás á flóttamannabúðir, árás á húsakynni Sameinuðu þjóðanna, árás á blaðamenn, árás eftir árás á saklaus börn“ og er einn af fáum þingmönnum sem vísa í rauntölur um mannfall Palestínubúa, um 10.000 og af þeim nær helmingur, a.m.k. 4000, börn (Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, 2023). Gögnin um árásir Ísraelshers sem voru aðgengileg á þessum tíma voru ekki óskýr eða óstaðfest. Milli 6. og 7. nóvember voru gerðar þrjár árásir á íbúðarhús í austur Rafah sem drápu 25 Palestínubúa; þetta gerðist degi áður en fyrri og síðari umræðurnar um þingsályktunartillöguna áttu sér stað þann 8. nóvember 2023 (OCHA, 2023a). En á undan því þann 2. nóvember gerði Ísraelsher árás gegn þrem skólum á vegum Sameinuðu þjóðanna þar sem þúsundir borgarar höfðu leitað sér skjóls (Regan o.fl. 2023), og næsta dag var gerð árás á sjúkrabíla fyrir utan Al Shifa-spítala sem drap alla vega 15 Palestínubúa, en Ísraelsher réttlætti

árásina með því að staðhæfa að þeir væru í notkun Hamas-liða (Carey, John & Flower, 2023). Nokkrum vikum fyrr gerði Ísraelsher árás gegn Al Ahli Arab-spítala þann 17. október, sem drap meira en 470 almenna borgara, og árásin var fordæmd af sérfræðingum mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna sem vöruðu við því að herferð Ísraels væri að leiða til glæps gegn mannúð í Gaza og hættu á þjóðarmorði Palestínubúa (OHCHR, 2023).

Þessar árásir voru ekki einsdæmi, milli 7. október og 7. nóvember skráði WHO 110 árásir á heilbrigðisþjónustu sem hafði áhrif á 39 heilbrigðisstofnanir og olli skaða á 22 spítölum og 36 sjúkrahúsum (OCHA, 2023a). Í kjölfarið hafa um 192 heilbrigðisstarfsmenn, 89 starfsmenn Sameinuðu þjóðanna og 18 starfsmenn dáið í átökunum (OCHA, 2023a). Samkvæmt gögnum heilbrigðisfyrvalda á Gaza hafa 40.000 heimili verið eyðilögð og 220.000 sköðuð, sem nemur um 45% af byggingum á Gaza (OCHA, 2023b). Þessar stanslausu árásir ollu því að dauðatala Palestínubúa var komin upp í 10.328 þann 7. nóvember og af þeim voru 67% konur og börn (OCHA, 2023a), svo greinilegt er að allavega um helmingur þeirra látna voru almennir borgarar en ekki Hamas-liðar. Þessi háttsemi Ísraelsríkis er ástæða þess að mannréttindasamtök segja þau hafa ítrekað framið stríðsglæpi í átökunum (Amnesty International, 2023a, Human Rights Watch 2023). Svo það er áhugavert að það séu ekki fleiri þingmenn sem tala um árásirnar í því ljósi, slík innrömmun byggir á staðreyndum og væri sanngjörn afstaða. Ekki er hægt að vita fyrir víst hver ástæðan sé fyrir því, en það má vera að þingmennirnir séu að reyna að beita hlutleysissjónarmiðum með því að leggja ekki dóm á sekt Ísraelshers í árásum sínum áður en rannsókn úrskurði um það, en þar sem orðræðan einkennist af sterkri fordæmingu á árás Hamas væri það mótsagnakennt og sýnir skekkju í orðræðunni. Það þýðir ekki að Hamas séu ekki sekir um glæpi með árás sinni, né að það ætti ekki að leggja siðferðislegan dóm á hana, ég bendi bara á að það verður skekkja í orðræðunni þegar einn aðili fær að njóta vafa og hlutleysis um háttsemi sína en ekki hinn. Annar möguleiki er að þingmennirnir efist í raun um sekt Ísraels og taki undir sjónarmið þeirra á þessum árásum. Ísraelsher hefur ítrekað réttlætt árásir sínar með staðhæfingum um að þau hafi verið að ráðast á hernaðarleg skotmörk í notkun Hamas, og þar með bæri Hamas ábyrgð á meintum stríðsglæpum fyrir að nota Palestínubúa sem mannlega skildi. Verndaðir hópar og staðir eins og spítalar, sjúkrahús og skólar geta misst vernd sína ef verið er að nota þau sem skjól til þess að skaða óvini í átökum (International Committee of the Red Cross, 2023) og vafi um sekt Ísraelshers byggir þá líklega á þessum staðhæfingum. Sigmundur Davíð beitir þessari innrömmun í ræðu sinni, þar sem hann segir að Hamas sé að nota almenna borgara sem mannleg skildi og meini þeim að flýja

og leita skjóls til þess skýla sér og stuðla að auknu mannfalli til þess að auka réttlætingu á málstað Hamas (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, 2023).

Vandinn með þessa innrömmun þó er að margt bendir til þess að þessar réttlætingar dugi ekki til að fyrra Ísraelsríki ábyrgð. Fyrst og fremst má benda á að það þarf að vera mjög greinilegt að Hamas hafi verið að nota sjúkrahúla, spítala, skóla og íbúðarhús þegar árásirnar áttu sér stað, til þess að þau missi vernd sína og teljist þar með ekki stríðsglæpir. „Grunur“ um slíkt réttlætir ekki árás gegn vernduðum hópum sem þarf að sanna í hverju tilfelli en Ísraelsríki hefur ekki komið fram með sannfærandi sönnunargögn til þess, þess í stað virðast þau miða við að öll svæði á Gaza séu hernaðarleg skotmörk til þess að réttlæta handhófskenndar og óhlutfallslegar árásir (Langrand, 2024). Auk þess má ekki gleyma að Ísraelsher ber engu að síður skylda til að takmarka dauðsföll og skaða á almennum borgurum og innviðum, og gögnin benda til þess að Ísraelsher hafi ekki uppfyllt þá skyldu í herferð sinni (Langrand, 2024, OHCHR 2024 bls. 12-13, Amnesty International, 2023a). Sem dæmi um það nefnir Þórhildur að „sprengjum rigni alls staðar, líka á svæðum sem Ísraelsher hefur beint almennum borgurum að flýja til.“ og bendir hún einnig á að viðvaranir Ísraelshers þýða lítið, af því „hvert á fólk að fara? Sprengjum rignir alls staðar á Gaza. Hvert á fólk í öndunarvélum eða alvarlegu ástandi að fara? Hvert eiga nýfædd börn sem eru á vökudeild vegna erfiðleika að fara? Hvert eiga þungaðar konur að fara?“ (Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, 2023). Enn fremur bendir Þórhildur á að Ísraelsríki hafi lokað á vatn, rafmagn og eldsneyti til Gaza og komið í veg fyrir mannúðaraðstoð til þeirra (Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, 2023). Ríkjandi orðræðan setur mikla áherslu á nauðsyn vopnahlés þar sem gríðarleg þörf er á mannúðaraðstoð. Enn aftur er dregið úr háttsemi Ísraelsríkis með því að viðurkenna ekki að þau hafi beitt yfirburðum sínum til þess að bæði stigmagna mannúðarneyðina með því að stöðva og hefta flæði vatns, rafmagns, eldsneytis og matar til Gaza og koma í veg fyrir mannúðaraðstoð til þess að linna henni (Human rights watch 2023). Með því er Ísraelsríki að fremja hóprefsingu og beita hungursneyð sem stríðsvopn, sem eru stríðsglæpir, sem ásamt öðrum ásökunum um stríðsglæpi gætu saman bent til þess að Ísraelsríki sé að fremja glæpi gegn mannkyni (Human rights watch 2024).

Þessi neitun til þess að lýsa háttsemi Ísraelsríkis sem stríðsglæpi dregur verulega úr skaðanum sem verið er að beita gegn Palestínubúum, en þessi veigrun sést hvað mest í skortinum á áhyggjum um þjóðarmorð. Þórhildur er sú eina sem bendir á að mannréttindasérfræðingar Sameinuðu þjóðanna höfðu lýst yfir áhyggjum af því að

Þjóðarmorð Palestínubúa væri yfirvofandi og hún segir það siðferðislega og þjóðréttarlega skyldu að koma í veg fyrir slíkan glæp gegn mannkyni (Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, 2023). Með þeirri innrömmun dregur hún fram miklu hræðilegri mynd af átökunum en ríkjandi orðræðan gefur til kynna, þar sem þjóðarmorð er oft álitid sem versta brot sem hægt er að fremja, sem einslags, æðsti glæpurinn gegn mannkyni (Akhavan, 2012 bls. 81-82). Með því að tala um brot Ísraelsríkis í samhengi stríðsglæpa og þjóðarmorðs, leggur hún sambærilegan siðferðislegan dóm á háttsemi Ísraelsríkis og ríkjandi orðræðan leggur á háttsemi Hamas með því að tala um slátrun og hryðjuverkaárás. Það að þessar upplýsingar séu að mestu fjarverandi frá orðræðunni má greina sem afleiðingu upplýsingastjórnunar. Ísraelsríki, og þeir þingmenn sem taka undir þessi sjónarmið, reyna að móta og stýra viðhorfum með því að takmarka upplýsingaflæði um árásirnar til þess setja fram þá mynd að þau séu ekki sek um stríðsglæpi eða að í þeirra tilfelli sé það siðferðislega réttmætt. Ríkjandi orðræðan byggir á innrömmun sem ýtir þessum upplýsingum til hliðar, og með því verður henni kleift að draga úr siðferðislegri fordæmingu Ísraelsríkis með því að tala um brot gegn alþjóðlegum mannúðarlögum í stað stríðsglæpa og þjóðarmorðs.

6 Samantekt og umræður

Í inngangi var varpað fram eftirfarandi rannsóknarspurningum: hvað einkennir orðræðu Alþingismanna um átökin og hvernig má greina mismunun og áróður í orðræðu Alþingismanna? Greiningin leiddi í ljós að orðræða þingmanna einkenndist af skrifræðisorðræðu, sem var til staðar í nokkrum helstu þrástefum orðræðu þingmannanna og að orðræðan einkenndist af mikilli upplýsingastjórnun sem fólst í því að nefna ekki grun um þjóðarmorð, linnulausri háttsemi Ísraels í herferð sinni og stefnu Ísraels í að neita og skapa mannúðarneyð á Gasa. Skrifræðisorðræða er ein af þrem gerðum kúgandi orðræðu, sem styður við kúgun og mismunun í garð tiltekins hóps, og áberandi einkenni þess í orðræðunni er til marks um mismunun gagnvart Palestínubúum. Það er ekki að segja að alþingismenn mismuni Palestínubúum með beinum hætti eða að þau beri fordóma gegn þeim. Heldur virðist sem undirliggjandi hugmyndafræðin sem er til staðar mismuni milli Ísraelsmanna og Palestínubúa, á þann hátt að lagt er harðari siðferðisdóm á Palestínubúa en Ísraelsmenn og dregið er verulega úr háttsemi Ísraelsríkis og skaðanum gagnvart Palestínubúum, og kemur það fram í orðavali. Einnig sýnir greiningin áróður í orðræðunni, á þann hátt að upplýsingar sem benda á bagalega stöðu Palestínubúa eru nær alveg fráverandi, og slíka upplýsingastjórnun má greina sem eina gerð áróðurs. En fyrir utan það var einnig eitt tilvik, þar sem þingmaður beitti bæði ódæðisáróðri og þjóðarmorðsáróðri í ræðu sinni; þó er mikilvægt að taka fram að það tilvik var frábrugðið ríkjandi orðræðunni.

Þá vaknar sú spurning, af hverju skrifræðisorðræða og upplýsingastjórnun sé svo áberandi í orðræðu íslenskra þingmanna í þessari tilteknu umræðu. Það eru margir þættir sem kunna að hafa mótað þessa orðræðu á þennan hátt, og ekki verður gerð tilraun til ýtarlegrar greiningar á því hér, en hægt er að nefna nokkra áberandi þætti sem hafa líklega mótað orðræðuna. Fyrst og fremst má nefna áhrif múslimahaturs á vestræna umfjöllun, hryðjuverkaárásirnar 11. september 2001 leiddu til ákafs múslimahaturs í bandarískum stjórnámálum og styrktu tengslin milli Ísraels og Bandaríkjanna, og ekki hjálpuðu sjálfsvígisárásir palestínskra víghópa sem ollu rosalegu bakslagi í garð Palestínumanna meðal vestrænna stjórnvalda og almennings (Spangler, 2015, bls. 156-57). Auk þess má vera að sterk söguleg tengsl Ísraelsríkis við vestræn ríki frá stofnun þess hafi veitt ísraelskum sjónarmiðum meira vægi en palestínskum sjónarmiðum að átökunum. Í augum Breta snemma á 21. öldinni voru þarfir og brýn nauðsyn Gyðinga einfaldlega mikilvægari en langanir og fordómar arabanna á

landsvæðinu, og enn í dag virðist það vera viðmiðið (Spangler, 2015 bls. 97). Í gegnum endalausa friðarferlið hefur Ísraelsríki einnig náð að styrkja alþjóðatengsl sín og skapast hefur það viðmið að meta öryggisþarfir Ísraels yfir mannréttindi Palestínubúa (Spangler, 2015, bls. 162–164). Í kjölfar þess hefur varanlegt ríkisfangsleysi Palestínubúa og það ójafnrétti, kúgun og reglubundna ofbeldi sem því fylgir öðlast tiltekið lögmæti, það er tekið sem gefnu að Palestínubúar lifi við þessar aðstæður (Spangler, 2015, bls. 159). Annar mögulegur þáttur er sú mikla umfjöllun sem hefur átt sér stað um meinta gyðingaandúð fóligna í gagnrýni á Ísraelsríki, einkum varðandi ásakanir um þjóðarmorð og stríðsglæpi, sem hefur stigmagnast í kjölfar þessara átaka og alþjóðlegra mótmæla fyrir Palestínu (World Jewish Congress, e.d., Goldenberg 2024). Má þá vera að íslenskir þingmenn séu að reyna að spyrna gegn gyðingaandúð með því að beita einhvers konar hlutleysi í garð Ísraelsríkis sem birtist í skrifræðisorðræðu. En með því er tekið sjónarmiðum Ísraelsríkis sem gefnu, eins og þegar dregið er í efa brot þeirra á alþjóðalögum, og verður hætta á því að taka undir kúgandi orðræðu í garð Palestínubúa sem og aðgerðaleysi gagnvart Ísraelsríki.

Óháð því sögulega samhengi sem mótaði orðræðuna er áhyggjuefni að greina kúgandi orðræðu í garð Palestínubúa meðal íslenskra þingmanna, einkum þar sem slík orðræða til lengdar gæti ýtt undir það aðgerðaleysi sem Ísland hefur verið gagnrýnt fyrir fram að þessu. En nú er komið rétt um eitt og hálft ár síðan þessi þingsályktunartillaga var lögð fram í nóvember 2023 og mögulega hefur ný ríkisstjórn komið með annan blæ á orðræðuna. Til dæmis funduðu núverandi forsætisráðherra og utanríkisráðherra með forsætisráðherra Palestínu Mohammad Mustafa í febrúar 2025, og lýstu því að ríkistjórn Íslands standi með sjálfstæðri Palestínu og tveggja ríkja lausninni og væru algjörlega andstæð þvinguðum brottflutningi Palestínubúa (Silja Rún Sigurbjörnsdóttir, 2025). Þar sem þessi rannsókn var mjög afmörkuð og einungis ætlað að kanna stöðuna, er ekki hægt að álykta að þessar niðurstöður sýni heildarmyndina né að orðræða íslenskra stjórnvalda í heild sinni sé þakin kúgandi orðræðu eða áróðri. Það þyrfti miklu víðameiri rannsókn á bæði orðræðu, stefnu og aðgerðum stjórnvalda til þess að skera um það hvort kúgandi orðræða og áróður sé viðvarandi í garð Palestínubúa af hálfu íslenskra stjórnvalda, og hvort það hafi í för með sér raunverulegan skaða gagnvart Palestínubúum. Slíkri rannsókn tel ég brýna þörf á, þar sem þessar niðurstöður, afmarkaðar þó þær séu, afhjúpa þó skaðlega orðræðu í garð Palestínubúa. Nú þegar átökin geisa áfram og Gaza stendur fyrir framan hungursneyð af því að Ísraelsríki hefur ekki hleypt inn lífsmatvæðum frá 2. mars 2025, í tvo mánuði, kallar Amnesty International (2025) enn

aftur eftir því að ríki heimsins bregðist við til að stöðva þessar hörmungar. En hættan er sú að Ísland, eins og mörg önnur ríki, muni beita skrifræðisorðræðu til þess að draga úr alvarleika málsins og sitja áfram aðgerðalaus á meðan Ísrael gerir Gaza að helvíti á jörðu.

Heimildaskrá

- Akhavan, P. (2012). A hierarchy of international crimes? In *Reducing Genocide to Law: Definition, Meaning, and the Ultimate Crime* (pp. 56–87). chapter, Cambridge: Cambridge University Press.
- Amnesty International. (2023a). Damning evidence of war crimes as Israeli attacks wipe out entire families in Gaza. <https://www.amnesty.org/en/latest/news/2023/10/damning-evidence->
- Amnesty International. (2023b). Israel/OPT: Challenging Myths About the Gaza-Israel Conflict. <https://www.amnesty.org.au/israel-opt-challenging-myths-about-the-gaza-israel-conflict/>
- Amnesty International. (2024). Amnesty International investigation concludes Israel is committing genocide against Palestinians in Gaza. <https://www.amnesty.org/en/latest/news/2024/12/amnesty-international-concludes-israel-is-committing-genocide-against-palestinians-in-gaza/>
- Amnesty International. (2025). Israel/OPT: Two months of cruel and inhumane siege are further evidence of Israel's genocidal intent in Gaza. <https://www.amnesty.org/en/latest/news/2025/05/israel-opt-two-months-of-cruel-and-inhumane-siege-are-further-evidence-of-israels-genocidal-intent-in-gaza/>
- Andrés Ingi Jónsson. (2023). Afstaða Íslands vegna átaka fyrir botni Miðjarðarhafs, 1. umræða [ræða]. Vefútgáfa Alþingistíðinda sótt 10. september 2024. Slóð: <https://www.althingi.is/altext/raeda/154/rad20231109T123705.html>
- Árni Sæberg. (2023, 1. nóvember). „Sagðir þú árás á flóttamannabúðirnar?“ Vísir.is. <https://www.visir.is/g/20232483335d/-sagdir-thu-a-ras-a-flotta-manna-budirnar->
- Beaver, D. og J. Stanley. (2023). *The politics of language*. Princeton University Press.
- Birgir Þórarinnsson. (2023). Afstaða Íslands vegna átaka fyrir botni Miðjarðarhafs, 1. umræða. [ræða]. Vefútgáfa Alþingistíðinda sótt 10. september 2024. Slóð: <https://www.althingi.is/altext/raeda/154/rad20231109T120425.html>
- Bytwerk, R.L. (1989). Western and Totalitarian views of propaganda. Í T. J. Smith, (ritstjóri), *Propaganda: A pluralistic perspective* (bls. 37-48). Praeger.
- Carey A., T. John og K. Flower. (2023, 4. nóvember). Israel admits airstrike on ambulance near hospital that witnesses say killed and wounded dozens. CNN.com. <https://edition.cnn.com/2023/11/03/middleeast/casualties-gazas-shifa-hospital-idf/index.html>
- Center for Justice and Accountability (e.d.). Universal Jurisdiction. <https://cja.org/what-we-do/litigation/legal-strategy/universal-jurisdiction/>

- Chance M., R.A. Greene og J. Berlinger. (2023, 12. október). Israeli official says government cannot confirm babies were beheaded in Hamas attack. CNN.com.
<https://edition.cnn.com/2023/10/12/middleeast/israel-hamas-beheading-claims-intl>
- Dilja Mist Einarsdóttir. (2023). Afstaða Íslands vegna átaka fyrir botni Miðjarðarhafs, 1. umræða [ræða]. Vefútgáfa Alþingistíðinda sótt 10. september 2024. Slóð:
<https://www.althingi.is/altext/raeda/154/rad20231109T110943.html>
- Elliards, X., og L. Jackson. (2024, 9. janúar). Sky News condemned for report on killed Palestinian child. Thenational.scot. <https://www.thenational.scot/news/24036832.sky-news-condemned-report-killed-palestinian-child/>
- Entman, R. (1993). Framing: Toward Clarification of A Fractured Paradigm. The Journal of Communication. 43. 51-58. 10.1111/j.1460-2466.1993.tb01304.x.
- Failing Gaza: Pro-Israel bias uncovered behind the lens of Western media. (2024, 11. október). Aljazeera.com. <https://www.aljazeera.com/news/2024/10/5/failing-gaza-pro-israel-bias-uncovered-behind-the-lens-of-western-media>
- Freyr Bjarnason. (2023, 3. nóvember). Dæmi um aukaatriði sem verður aðalatriði. Mbl.is. <https://www.mbl.is/frettir/innlent/2023/11/03/daemi-um-aukaatridi-sem-verdur-ada-latriddi/>
- Gillard E. (2023, 6. nóvember). Humanitarian pauses and ceasefires – what are the differences? Chathamhouse.org.
<https://www.chathamhouse.org/2023/11/humanitarian-pauses-and-ceasefires-what-are-differences>
- Goldenberg, T. (2024, 29. maí). Netanyahu frequently makes claims of antisemitism. Critics say he's deflecting blame. Pbsnews.org.
<https://www.pbs.org/newshour/world/netanyahu-frequently-makes-claims-of-antisemitism-critics-say-hes-deflecting-blame>
- Guðmundur Oddsson. (2021). Innihaldsgreining. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði (bls. 381-402). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Haddad, M. og A. Chughtai. (2023, 27. nóvember). Israel-Palestine conflict: A brief history in maps and charts. Aljazeera.com.
<https://www.aljazeera.com/news/2023/11/27/palestine-and-israel-brief-history-maps-and-charts>
- Hawari, Y. (2025, 17. febrúar). Unchilding Palestine's children. Aljazeera.com.
<https://www.aljazeera.com/opinions/2025/2/17/unchilding-palestines-children>
- Hugrún Hannesdóttir Diego. (2023, 28. október). Ísland sat hjá í atkvæðagreiðslu en kallar eftir mannúðarhléi. RÚV.is. <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-10-28-island-sat-hja-i-atkvaedagreiðslu-en-kallar-eftir-mannudarhleii-395208>

- Human Rights Watch. (2023). Israel: Starvation Used as Weapon of War in Gaza. <https://www.hrw.org/news/2023/12/18/israel-starvation-used-weapon-war-gaza>
- Human Rights Watch. (2024). Extermination and Acts of Genocide: Israel Deliberately Depriving Palestinians in Gaza of Water [samantekt]. <https://www.hrw.org/report/2024/12/19/extermination-and-acts-genocide/israel-deliberately-depriving-palestinians-gaza>
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2006). Leitað að mótsögnum. Í Rannveig Traustadóttir (ritstj.), Fötlun: Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði (bls. 178-194). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- International Committee of the Red Cross. (2023). The protection of hospitals during armed conflicts: What the law says. <https://www.icrc.org/en/document/protection-hospitals-during-armed-conflicts-what-law-says>
- International journalists call on Israel and Egypt for access to Gaza. (2024, 28. febrúar). Aljazeera.com. <https://www.aljazeera.com/news/2024/2/28/international-journalists-call-on-israel-and-egypt-for-access-to-gaza>
- Johnson, A. og O. Ali. (2024, 10. janúar). Coverage of Gaza war in the New York Times and other major newspapers heavily favored Israel, analysis shows. Theintercept.com. <https://theintercept.com/2024/01/09/newspapers-israel-palestine-bias-new-york-times/>
- Jowett, G. S. og V. O'Donnell. (2012). Propaganda & persuasion (5. útgáfa). SAGE Publications.
- Langrand, M. (2024, 26. mars). UN rights expert on Israel-Gaza war: 'Everyone has been deemed targetable'. Genevasolutions.news. <https://genevasolutions.news/human-rights/un-rights-expert-on-israel-gaza-war-everyone-has-been-deemed-targetable>
- Lemkins Institute for Genocide Prevention. (2023, 14. október). SOS Alert Gaza, Palestine. https://www.lemkininstitute.com/files/ugd/9bc553_75f9de53d6a34ea7b119b86dcbcf637d.pdf
- Macnamara, J. (2018). Content Analysis. Mediated Communication, 191–212. <https://doi.org/10.1515/9783110481129-012>
- Office of the United Nations High Commissioner for Human Rights. (2023, 19. október). Gaza: UN experts decry bombing of hospitals and schools as crimes against humanity, call for prevention of genocide [Fréttatilkynning]. <https://www.ohchr.org/en/press-releases/2023/10/gaza-un-experts-decry-bombing-hospitals-and-schools-crimes-against-humanity>
- Office of the United Nations High Commissioner for Human Rights. (2024). Six-month update report on the human rights situation in Gaza: 1 November 2023 to 30 April 2024. <https://www.ohchr.org/sites/default/files/documents/countries/opt/20241106-Gaza-Update-Report-OPT.pdf>

Origins and Evolution of the Palestine Problem, part II: 1947-1977. (e.d.). Unitednations.org.
<https://www.un.org/unispal/document/auto-insert-202927/>

Philo, G. og M. Berry. (2023, 22. desember). Media research shows BBC is very far from 'biased against Israel'. Opendemocracy.net. <https://www.opendemocracy.net/en/israel-palestine-bbc-news-coverage-bias-gaza-war/>

Pratkanis, A. R. og E. Aronson. (1991). Age of Propaganda: The Everyday Use and Abuse of Persuasion. W.H. Freeman and Company.

Regan H., A. Salman, Z. Saifi, A. Tal og M. Tawfeeg. (2023, 2. nóvember). Airstrikes blast UN shelters, official says, as Israel announces complete encirclement of Gaza city. CNN.com. <https://edition.cnn.com/2023/11/02/middleeast/israel-gaza-hamas-war-jabalaya-camp-strike-intl-hnk/index.html>

Rights expert finds 'reasonable grounds' genocide is being committed in Gaza [fréttatilkynning]. (2024). Unitednations.org.
<https://news.un.org/en/story/2024/03/1147976>

Robinson, K. (2024, 17. október). What is Hamas? Councilonforeignrelations.org.
<https://www.cfr.org/backgrounder/what-hamas>

Róbert Jóhannsson. (2023, 2. nóvember). Ísraelsher viðurkennir árás en Bjarni vill ekki tala um árás á flóttamannabúðir. RÚV.is. <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-11-02-israelsher-vidurkennir-aras-en-bjarni-vill-ekki-tala-um-aras-a-flottamannabudir-395561>

Sigmar Guðmundsson. (2023). Afstaða Íslands vegna átaka fyrir botni Miðjarðarhafs, 1. umræða [ræða]. Vefútgáfa Alþingistíðinda sótt 10. september 2024. Slóð: <https://www.althingi.is/altext/raeda/154/rad20231109T114642.html>

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. (2023). Afstaða Íslands vegna átaka fyrir botni Miðjarðarhafs, 1. umræða [ræða]. Vefútgáfa Alþingistíðinda sótt 10. september 2024. Slóð: <https://www.althingi.is/altext/raeda/154/rad20231109T115439.html>

Silja Rún Sigurbjörnsdóttir. (2025, 15. febrúar). „Ríkisstjórn Íslands stendur með sjálfstæðri Palestínu“. Vísir.is. <https://www.visir.is/g/20252689314d/-rikisstjorn-islands-stendur-med-sjalfstaedri-palestinu->

Tillaga til þingsályktunar um afstöðu Íslands vegna átaka fyrir botni Miðjarðarhafs. Þskj. 514, 469. mál, 2023–2024. Vefútgáfa Alþingistíðinda, sótt 10. september 2024. Slóð: <https://www.althingi.is/altext/154/s/0514.html>

United Nations Department of Political and Peacebuilding Affairs. (2022). Guidance on the Mediation of Ceasefires [skýrsla]. <https://peacemaker.un.org/sites/default/files/document/files/2022/11/ceasefire-guidance-2022-0.pdf>

- United Nations Office for the Coordination of Humanitarian Affairs. (2011). Glossary of terms: Pauses during conflict [skýrsla]. <https://reliefweb.int/report/world/glossary-terms-pauses-during-conflict>
- United Nations Office for the Coordination of Humanitarian Affairs. (2020). Two Years On: People Injured and Traumatized During the “Great March of Return” are Still Struggling. <https://www.un.org/unispal/document/two-years-on-people-injured-and-traumatized-during-the-great-march-of-return-are-still-struggling/>
- United Nations Office for the Coordination of Humanitarian Affairs. (2023a). Hostilities in the Gaza Strip and Israel | Flash Update #32. <https://www.ochaopt.org/content/hostilities-gaza-strip-and-israel-flash-update-32>
- United Nations Office for the Coordination of Humanitarian Affairs. (2023b). Hostilities in the Gaza Strip and Israel - reported impact | Day 32. <https://www.ochaopt.org/content/hostilities-gaza-strip-and-israel-reported-impact-day-32>
- United Nations Relief and Works Agency for Palestine Refugees. (2019). Gaza’s “great march of return” one year on: impact on Palestine refugees and UNRWA services [Skýrsla]. https://www.unrwa.org/sites/default/files/content/resources/gaza_gmr_one_year_on_report_eng_final.pdf
- War against Hamas in Gaza is act of self-defence, Israel tells world court. (2024, 12. janúar). Unitednations.org. <https://news.un.org/en/story/2024/01/1145452>
- World Jewish Congress. (e.d.). Defining antisemitism: Why anti-Zionism is a form of antisemitism. <https://www.worldjewishcongress.org/en/anti-zionism>
- Þórhildur Sunna Ævarsdóttir. (2023). Afstaða Íslands vegna átaka fyrir botni Miðjarðarhafs, 1. umræða [ræða]. Vefútgáfa Alþingistíðinda. Slóð: <https://www.althingi.is/altext/raeda/154/rad20231109T114050.html>

Viðauki 1. Innihald flokka sem greindir voru í orðræðu

Þjáning Gaza

Vísun í dauða almenna borgara

Vísun í dauða barna (þar með talið barnagrafreit)

Vísun í dauða starfsmanna (blaðamenn, læknar, starfsmenn Sameinuðu þjóðanna)

Vísun í ástand Gaza

Manntjón í öllum sínum beygingarmyndum

Mannfall í öllum sínum beygingarmyndum

Þjáning í öllum sínum beygingarmyndum

Helvíti á jörð

Grafreit

Sprengjuregn í öllum beygingarmyndum³

Blóðbað í öllum beygingarmyndum

Slátrun í öllum beygingarmyndum

Vísun í neyð

Illska Hamas

Grimmdarverk

Vísun í helförina

Afhöfðun í öllum beygingarmyndum

Vísun í að brenna lifandi

Vísun í frelsun frá Hamas

Mannleg skildi í öllum beygingarmyndum

Réttlæting Ísrael:

Vísun í að vera í spor þeirra 2

Vísun í ógn gegn þeim; elflaugar 2

Sjálfsvörn í öllum beygingarmyndum 3

Samstaða:

Samstaða í öllum beygingarmyndum

Standa saman í öllum beygingarmyndum

Vísað í Ísland eða Alþingi.

Vopnahlé:

Vopnahlé í öllum beygingarmyndum:

Vopnahlé af mannúðarástæðum:

Vopnahlé af mannúðarástæðum í öllum beygingarmyndum (Hér var tekið mannúðarvopnahlé):

Mannúðarhlé:

Mannúðarhlé í öllum beygingarmyndum:

Fordæming

Fordæming í öllum beygingarmyndum.

Fordæmalegt í öllum beygingarmyndum.

Vísað í Hamas 5, Ísrael 4 eða Ofbeldi 5.

Hlutverk Íslands

Vísun í rödd Íslands

Vísun í skyldu /ábyrgð Íslands

Vísun í friðelskandi Ísland og að standa fyrir frið

Vísun í hjásetu/ hlutleysi Íslands

Lausn deilunnar

Tveggja ríkja lausn í öllum beygingarmyndum

Vísun í lausn á deilunni

Utanríkismálanend 8

Utanríkismálanefnd í öllum beygingarmyndum